



ÁRSSKÝRSLA 2003  
ÁRSSKÝRSLA 2003



FASTEIGNAMAT RÍKISINS

© Fasteignamat ríkisins og höfundar

Útgefandi: Fasteignamat ríkisins  
Ritstjórar: Guðmundur J. Guðmundsson  
og Snorri Gunnarsson  
Hönnun, myndstjórn og umbrot: ENNEMM  
Myndrit: Guðmundur Ó. Ingvarsson  
Prentun: Svansprent

Ritið er sett með 9 pt. Optima  
og prentað á 135g Zanders Mega pappír

ISSN 1670-1941

Ávarp forstjóra .....	5
Starfsemin á árinu 2003 .....	7
Ársreikningur 2003 .....	12
Útdráttur úr viðhorfskönnun .....	14
Fasteignamarkaðurinn á árinu 2003 .....	17
Viðar Már Matthíasson, prófessor: Fasteignarhugtakið .....	21
Tölflur .....	43
Tafla 1.1 Fasteignamat og brunabótamat á Íslandi 31. desember 2003 .....	43
Tafla 1.2 Fasteignamat og brunabótamat frá 1994 .....	45
Tafla 1.3 Fjöldi íbúða eftir byggingartíma. Landið allt .....	46
Tafla 1.4 Fjöldi íbúða í fjölmennustu sveitarfélögum 2003 .....	47
Tafla 2.1 Velta og fjöldi kaupsamninga í fasteignaviðskiptum 1990-2003 .....	47
Tafla 2.2 Fjöldi kaupsamninga og velta eftir sveitarfélögum 2002 .....	48
Tafla 2.3 Fjöldi kaupsamninga og velta eftir sveitarfélögum 2003 .....	52
Tafla 3.1 Fasteignaverð í sérbylí í ýmsum sveitarfélögum árið 2003 .....	56
Tafla 3.2 Fasteignaverð í fjölbylí í ýmsum sveitarfélögum árið 2003 .....	66
Tafla 3.3 Þróun fermetraverðs íbúðarhúsnæðis á höfuðborgarsvæði .....	76
Tafla 3.4 Íbúðaverð eftir hverfum í Reykjavík og Kópavogi 2003 .....	77
Tafla 4.1 Fjármögnun íbúðarhúsnæðis 2003 .....	86
Tafla 4.2 Fjármögnun íbúðarhúsnæðis 1995-2003 .....	87



Aldrei hafa umsvif á fasteignamarkaði verið jafn mikil og á árinu 2003. Gildir þá einu hvort litið er til fjölda viðskipta eða veltu. Tæplega 12 þúsund viðskipti með fasteignir áttu sér stað og nam verðmæti þeirra rúmlega 161 milljarði króna.

Stærstur hluti þjóðarauðsins er fólgin í fasteignum. Brunabótamat húseigna við árslok 2003 nam tæpum 2.700 milljörðum króna og fasteignamat nam tæpum 2.000 milljörðum. Samkvæmt þjóðhagsreikningum nam hlutdeild íbúðarhúsnæðis af fjármunaeigninni 43% og eru þá allar aðrar tegundir fasteigna ótaldar. Á árinu nam fjármunamyndun í íbúðarhúsnæði tæpum 45 milljörðum króna og var magnaukning frá árinu á undan 13,3%. Ekki er óvarlegt að áætla að verðmæti fasteigna nemi 2/3 af þjóðarauðnum þegar verðmæti landa og lóða er með talið.

Hinn þekkti hagfræðingur Hernando de Soto hefur sett fram kenningar um að stór hluti fjármuna sem bundinn er í landi og byggingum í þróunarríkjum liggi óvirkjaður og það skýri að miklu leyti ólíka efnahagsþróun ríkja og samfélaga. Ófullkomin skráning eignarréttar á fasteignum geri það að verkum að öll viðskipti með fasteignir eða veðsetningu þeirra séu torveld og kostnaðarsöm. Skráning

á upplýsingum um fasteignir og eignarhald þeirra sé forsenda fyrir virkum fasteignamarkaði og öflugu veðlánakerfi sem leiði til flæðis fjármagns og fjárhagslegrar velgengni ríkja og einstaklinga.

Verðmæti fasteigna er fólgið í réttinum sem við þær er tengdur. Til þess að virkja þennan auð þarf að vera til staðar skýr löggjöf sem kveður á um skilgreiningar og skráningu eigna og réttarstöðu aðila. En skýr löggjöf er ekki nægjanleg. Rétt stofnanaleg umgjörð sem framkvæmir lögin er nauðsynleg. Skýr löggjöf og skilvirk stjórnarsýsla sem gerir kleift að virkja þann auð sem felst í fasteignum er því uppspretta verðmætasköpunar.

Fasteignamat ríkisins er mikilvægur hluti af fasteignakerfinu á Íslandi. Í Landskrá fasteigna eru skráðar nákvæmar upplýsingar um hverja fasteign, þar eru upplýsingar um eignarhald og önnur réttindi sem þinglýst eru, þar er skráð brunabótamat og fasteignamat og úr henni eru unnar hagskýrslur um fasteignamarkaðinn.

Gæðastefna Fasteignamats ríkisins er: „Rétt stjórnarsýsla – virk framleiðsla“. Með hana að leiðarljósi leggur stofnunin metnað sinn í að þjóna fasteignamarkaðinum örugglega, hratt og vel.

*Haukur Ingibergsson, forstjóri*

## Hlutverk

Fasteignamat ríkisins hefur það hlutverk að annast skráningu og mat fasteigna og halda til þess viðeigandi kerfi og veita upplýsingar úr þeim. Þessu sinnir stofnunin með eftirfarandi hætti:

### 1. Landskrá fasteigna

Fasteignamat ríkisins heldur og þróar gagna- og upplýsingakerfið Landskrá fasteigna en þar eru skráðar allar fasteignir í landinu. Landskrá skal vera grundvöllur allrar fasteignaskráningar og hnitsettra eignamarka lands, mats fasteigna, húsaskrár Hagstofu Íslands, þjóðskrár, auk þess að vera stoðgagn í landupplýsingakerfum.

### 2. Fasteignamat

Fasteignamat ríkisins metur matsskyldar fasteignir fasteignamati sem er gangverð umreiknað til staðgreiðslu, sem ætla má að eignin hefði í kaupum og sölum í nóvembermánuði ár hvert, miðað við heimila og mögulega nýtingu fasteignarinnar á hverjum tíma.

### 3. Brunabótamat

Fasteignamat ríkisins metur allar matsskyldar húseignir brunabótamati sem tekur til þeirra efnislegu verðmæta húseignarinnar sem eyðilagst geta í eldi og miðast við byggingarkostnað að teknu tilliti til aldurs, slits, viðhalds og ástands eignar að öðru leyti.

### 4. Fasteignamarkaður

Fasteignamat ríkisins rannsakar fasteignamarkaðinn og birtir niðurstöður þeirra athugana.

## Birting upplýsinga úr Landskrá fasteigna

Í byrjun árs var nýju vefsetri stofnunarinnar hleypt af stokkunum, [www.fmr.is](http://www.fmr.is). Þar var meðal annars tekin upp sú nýbreytni að birta grunnupplýsingar um fasteignir úr Landskrá fasteigna án endurgjalds. Þar er hægt að fletta upp fasteignum eftir fastanúmerum og heiti eignarinnar. Finna má m.a. upplýsingar um auðkenni fasteignar, fasteigna- og brunabótamat, stærð mannvirkis í fermetrum og byggingarár þess. Ítarlegri upplýsingar úr Landskrá fasteigna eru eftir sem áður aðgengilegar í áskrift.


Samræmd vefmæling var tekin upp í maí og er heildarfjöldi heimsóknna á vefsetur stofnunarinnar 307.198 frá þeim tíma til ársloka 2003. Fjöldi gjaldfrjálsra flettinga um fasteignir í Landskrá fasteigna var 94.819 á sama tímabili.

Á vefsetri stofnunarinnar er jafnframt hægt að fá upplýsingar um markaðsverð íbúðarhúsnæðis miðað við skráða kaupsamninga, en stofnunin vinnur úr öllum þinglýstum kaupsamningum um fasteignir. Hægt er afmarka leitina við sveitarfélag, stærð húsnæðis og byggingarár. Fjöldi fyrirspurna í Verðsjá fasteigna var 14.014. Flestar flettingar í Landskrá fasteigna töldust í september eða 14.796 en heildarfjöldi þeirra sem heimsóttu vefsíðuna þann mánuð var 44.054.

## Þinglýsingar í Landskrá fasteigna

Stjórnvöld sem munu skrá nýjar eignir eða breytingar á eignum í Landskrá fasteigna verða um 140 talsins. Starfsstöðvar Fasteignamats ríkisins eru fimm, sveitarfélög eru 104 talsins og embætti sýslumanna 26. Byggingarfulltrúar

sveitarfélaga skrá í umboði Fasteignamats ríkisins margvíslegar upplýsingar um nýjar og breyttar fasteignir. Skráning upplýsinga úr þinglýsingabókum í Landskrá fasteigna fer fram hjá viðkomandi sýslumannsembættum, eign fyrir eign.



Myndin sýnir tengsl ólíkra stjórnvalda við skráningu fasteigna í Landskrá fasteigna.

Á árinu 2003 höfðu 23 sýslumannsembætti á landinu tekið í notkun þinglýsingarhluta Landskrár fasteigna, en þrjú embætti unnu í eldra tölvukerfi. Yfirfærsla þinglýsingarbóka í Landskrá fasteigna gekk vel á árinu. Í árslok voru 82.053 eignir komnar í þinglýsingarhluta Landskrárinnar. Það eru 70,28% af fasteignum í umdæmum þeirra embætta sem tengst hafa Landskrá fasteigna. Stefnit var að yfirfærslu gagna úr eldra tölvukerfi þinglýsinga snemma á árinu 2004 og jafnframt að innfærslu þinglýsingarhluta Landskrár fasteigna á öðrum embættum yrði lokið eða langt komin í árslok 2004. Í árslok 2003 höfðu um tíu sýslumannsembætti svo að segja lokið innfærslu þinglýsingargagna og þinglýsa nú eingöngu í þinglýsingarhluta Landskrár fasteigna.

Við innfærslu upplýsinga úr þinglýsingarbókum í þinglýsingarhluta Landskrár fasteigna þarf að bera saman skráningu og tilgreiningu eigna í fasteignaskrá Fasteignamats ríkisins og þinglýsingarbók. Í mörgum tilvikum kemur fram misræmi milli skráningar viðkomandi

eigna í þinglýsingarbók og fasteignaskrá. Þetta misræmi þarf að jafna og hafa verið gefnar út verklagsreglur til úrlausnar þessa vanda. Helstu tilvik misræmis milli þinglýsingarbókar og fasteignaskrár eru:

- Fjöldi eignarhluta er mismunandi í fasteignaskrá og þinglýsingarbók.
- Götuheiti eða húsnúmer samræmist ekki.
- Fasteign/lóð er ekki til í fasteignaskrá.
- Fasteign/lóð er ekki til í þinglýsingarbók.
- Lóðarstærð samræmist ekki.
- Eigandaskráning samræmist ekki.



Gamli og nýi tíminn. Skjárin til vinstri birtir upplýsingar úr svokölluðu „Skýrkerfi“ sem notað var lengi hjá þrem sýslumannsembættum. Hægra megin á myndinni er skjár sem sýnir upplýsingar úr þinglýsingarhluta Landskrár fasteigna.

## Endurmati frá 2001 lokið

Á árinu 2001 var brunabótamat og fasteignamat á öllu landinu endurmetið með breyttri aðferðafræði. Þetta var í fyrsta sinn sem framkvæmt var heildstætt mat fasteigna með vélrænum hætti. Fjölmarginir fasteignaeigendur brugðust við niðurstöðunum og bárust Fasteignamati ríkisins um 14.000 athugasemdir. Um mitt ár 2003 var lokið við að vinna úr öllum þeim athugasemdum. Í tiltölulega

fáum tilvikum urðu umtalsverðar breytingar á niðurstöðu endurmatsins. Úrvinnsla athugasemdanna fól í mörgum tilfellum í sér að kalla þurfti eftir skráningarupplýsingum frá sveitarfélagi. Sú vinna var tímafrek en eftir stendur að grunnupplýsingar í Landskrá fasteigna eru áreiðanlegri og betri en áður.

## Innleiðing GoPro skjalavistunarkerfisins

Skjalavistunarkerfið GoPro Case var tekið í notkun hjá stofnuninni í febrúar en undirbúningsvinna fyrir innleiðingu þess hafði staðið frá árinu á undan. Markmið með kerfinu er að ná viðtækari yfirsýn yfir skjalamálin og ná fram virkari stjórn framleiðslu á grunni ítarlegri upplýsinga. Í GoPro eru skráð öll innkomin og útsend erindi stofnunarinnar þ.m.t. bréf, eignaskiptayfirlýsingar og teikningar en allir starfsmenn skrá í kerfið. Á árinu voru skráð alls 12.326 mál en um áramótin var 9.466 þeirra þegar lokið. Skjalavistunarkerfið er tengt við Landskrá fasteigna og þjóðskrá og sækir þangað gögn en þessar tengingar auka skilvirkni kerfisins til muna.

## Nýr innri vefur

Nýr og breyttur innri vefur stofnunarinnar var gangsettur. Siglingafræði vefsins var endurhönnuð frá grunni sem og útlit og virkni. Þá hefur efni á vefnum verið tekið til gagn Gerrar endurskoðunar og nýju efni bætt við.



Nýr innri vefur Fasteignamats ríkisins.

## Öryggisstefna

Öryggisstefna Fasteignamats ríkisins var samþykkt á árinu. Stefnan byggist á ÍST ISO/IEC 17799:2000 *Starfsvenjur fyrir stjórnun upplýsingaöryggis*. Hún er grundvöllur skilgreindra ráðstafana sem eru álitnar lágmarksráðstafanir til þess að halda starfseminni gangandi. Fasteignamat ríkisins gerir kerfisbundið áhættumat til þess að ákveða hvort frekari ráðstafana er þörf varðandi tiltekin gögn eða upplýsingakerfi.

Öryggisstjórnun og stjórnunarferli beinast að hagsmunum viðskiptavina Fasteignamatsins og viðskipta þeirra. Þess vegna beinist stefnan einnig að leynd trúnaðarupplýsinga, áreiðanleika gagna í vörslu Fasteignamatsins og aðgengi að þjónustunni. Með þessari stefnu vonast Fasteignamat ríkisins til þess að koma í veg fyrir misnotkun upplýsinga, standa vörð um öruggan og órofinn flutning gagna og samskipta á tölvutæku formi, og að fella áhættustjórnunarferli inn í verkferla og dagleg störf allra viðkomandi starfsmanna.

## Húsnæðismál

Húsnæði starfsstöðvarinnar á Akureyri var endurnýjað og stækkað nánast um helming. Skipt var um gólfefni, húsnæðið málað, lýsing og tölvulagnir endurnýjað, öryggi tölvukerfisins aukið, gert við þak, auk þess sem húsgögn voru endurnýjuð að hluta.

Með þessari aðgerð hafa fjórar starfsstöðvar stofnunarinnar af fimm fengið nýtt eða endurgert húsnæði á síðustu þrem árum. Má fullyrða að öll húsakynni, húsgögn og tölvubúnaður stofnunarinnar sé nú í fremstu röð.

## Starfsmannamál

Í árslok voru starfsmenn Fasteignamatsins 62 talsins. Karlar voru 36 eða 57% og konur 27 eða 43%.

Fjöldi starfsmanna eftir starfsstöðvum:

Starfsstöð	Fjöldi starfsmanna	Hlutfall
Höfðaborg	42	67,7%
Borgarnes	3	4,8%
Akureyri	10	16,1%
Egilsstaðir	3	4,8%
Selfoss	4	6,5%
<b>Samtals</b>	<b>62</b>	<b>100%</b>

Skipting starfsmanna eftir menntun:

Tegund menntunar	Fjöldi starfsmanna	Hlutfall
Háskólamenntun	32	51,6%
Iðnmenntun	13	21,0%
Önnur menntun	17	27,4%
<b>Samtals</b>	<b>62</b>	<b>100%</b>

## Vinnustaðgreining

Vinnustaðgreining var framkvæmd í annað sinn í árslok 2003. Fyrri greining fór fram á sama tíma ári áður. Heildareinkunn vinnustaðarins lækkaði lítillega frá fyrra ári eða úr 3,56 í 3,50. Af einstökum þáttum hækkaði einkunn spurningarinnar um þekkingu á vinnutilhögun og verkferlum mest (0,40) á meðan spurningin um starfsöryggi lækkaði mest (0,54). Hæstu einkunn (4,22) fékk spurning um þekkingu á vinnutilhögun og verkferlum og lægst skoraði spurningin um vinnuálag (2,04).

## Starfsmannafélag FMR

Öflugt starfsmannafélag hefur verið starfrækt við stofnunina frá árinu 1990. Fastir liðir í starfsemi þess eru árshátíð, jólahlaðborð, gönguferð að vori og lengri ferðir út fyrir höfuðborgarsvæðið að hausti. Auk þess hefur það staðið fyrir ýmsum tilfallandi uppákomum. Sumarið 2003 bauð starfsmannafélagið upp á golfkennslu og stóð fyrir golfmóti meðal starfsmanna.



Steinarr Höskuldsson stýrir aðalfundi félagsins 14. nóvember síðastliðinn. Starfsmannafélagið byggir á gamalli hefð.

## Heilsuáttak

Á árinu var sett í gang tilraunaverkefni til eins árs á sviði heilsu og heilbrigðis í Höfðaborg. Samið hefur við fyrirtækið Saga heilsa um samstarf í þessu efni. Meðal þess sem innifalið er í samningnum er þarfagreining og mat á vinnuumhverfi og vinnuádstöðu, líkamlegu og andlegu álagi, anda á vinnustað, hávaða, lýsingu, loftræstingu, öryggi og vinnuskipulagi. Einnig er áhersla lögð á hvernig fólk hagar lífnáðarháttum sínum, hreyfingu, mataræði og heilsufarslega áhættuþætti.





Á toppnum. Vorferð starfsmannafélagsins 2003 á Skeggja.

Heilsufar starfsmanna var kannað og öllum starfsmönnum í Höfðaborg boðið upp á viðtal við hjúkrunarfræðing.

### Símenntun og fræðsla

Umfangsmikil endurmenntun fór fram á árinu. Allir starfsmenn sóttu dagsnámskeið í Go Pro Case. Þá fengu allir starfsmenn kynningu á kostnaðarmatskerfi stofnunarinnar og þeir sem vinna að matsstörfum sátu ítarlegt dagsnámskeið í notkun kerfisins. Fjórðungur matsfulltrúa í Reykjavík sótti 60 klst. námskeið Endurmenntunar Háskóla Íslands í gerð eignaskiptayfirlýsinga og þreyttu að því loknu próf til réttinda við gerð slíkra skjala. Allir starfsmenn stofnunarinnar stóðust prófið með þryði og hlaut starfsmaður Fasteignamatsins hæstu einkunn sem gefin var. Þá stóð starfsmannafélagið fyrir námskeiði í skyndihjálpi fyrir alla starfsmenn.

Þá voru haldnir fræðslufundir fyrir starfsfólk stofnunarinnar að jafnaði einu sinni á mánuði yfir vetrarmánuðina. Ýmist voru fengnir fyrirlesarar utan stofnunarinnar eða

starfsmenn sáu sjálfir um kynningar á margvíslegum verkefnum stofnunarinnar.

Í framhaldi af vinnustaðgreiningu seint á árinu 2002 var ákveðið að allir stjórnendur stofnunarinnar færu í stjórnendapjálfun.

Markmið stjórnendapjálfunarinnar er:

- 1) að byggja upp öflugan hóp árangurs-sækinnna stjórnenda
- 2) að stjórnendur verði meðvitaðir um eigin stjórnunaraðferðir, styrkleika og veikleika
- 3) að stjórnendur þroskist í hlutverki sínu læri og noti árangursríkar stjórnunaraðferðir
- 4) að efla samstarf stjórnenda til stuðnings þeim í starfi og skapa sameiginlegan þróunarvettvang. Áherslur í stjórnun Fasteignamats ríkisins byggjast á gæðastefnunni „Rétt stjórnarsýsla – virk framleiðsla“ og þeim stöðum sem hún hvílir á, „fólkið, vinnslan, verkfærin“.

# REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2003

	<b>2003</b>	<b>2002</b>
	<i>þús. kr.</i>	<i>þús. kr.</i>
<b>Tekjur</b>		
Umsýslugjald	253.450	226.931
Afnotagjöld af fasteignaskrá	162.139	149.805
Þjónustutekjur	4.453	3.142
<b>Tekjur alls</b>	<u>420.042</u>	<u>379.878</u>
<b>Gjöld</b>		
Launagjöld	276.220	250.936
Ferða- og dvalarkostn. Fundir, námskeið	22.547	19.293
Rekstrarvörur	8.816	9.332
Aðkeypt þjónusta	119.847	127.254
Húsnæðiskostnaður	35.924	33.639
Bílfreiðar og vélar	3.084	2.907
Ýmislegt - tilfærslur og vaxtagjöld	3.717	660
<b>Rekstrargjöld samtals</b>	470.155	444.021
Eignakaup	16.624	20.727
<b>Gjöld alls</b>	<u>486.779</u>	<u>464.748</u>
<b>Tekjuafgangur (halli) án ríkisframlags</b>	<u>(66.737)</u>	<u>(84.870)</u>
Ríkisframlag	118.300	93.100
<b>Tekjuafgangur (halli)</b>	<u><u>51.563</u></u>	<u><u>8.230</u></u>

EFNAHAGSREIKNINGUR  
31. DESEMBER 2003

	2003	2002
	<i>þús. kr.</i>	<i>þús. kr.</i>
Eignir		
<b>Veltufjármunir:</b>		
Viðskiptakröfur	124.594	116.280
Handbært fé	<u>5.993</u>	<u>10.111</u>
Veltufjármunir samtals	<u>130.587</u>	<u>126.391</u>
<b>Eignir alls</b>	<u><u>130.587</u></u>	<u><u>126.391</u></u>
Skuldir og eigið fé		
<b>Eigið fé</b>		
Höfuðstóll í ársbyrjun	61.792	50.497
Tekjuafgangur (halli) á árinu	<u>51.563</u>	<u>8.231</u>
Eigið fé samtals	<u>113.355</u>	<u>58.728</u>
<b>Skammtímaskuldir:</b>		
Ríkissjóður	6.359	44.745
Viðskiptaskuldir	10.873	22.918
Ógreidd gjöld		
Skammtímaskuldir samtals	<u>17.232</u>	<u>67.663</u>
<b>Skuldir og eigið fé alls</b>	<u><u>130.587</u></u>	<u><u>126.391</u></u>

# ÚTDRÁTTUR ÚR VIÐHORFSKÖNNUN

Undanfarin fjögur ár hefur Gallup gert könnun á viðhorfi almennings til Fasteignamats ríkisins. Það hefur orðið að hefð að birta útdrátt úr þessum könnunum í Ársskýrslu Fasteignamatsins og ræða lítillga um niðurstöðurnar. Hingað til hafa niðurstöður hverrar könnunar fyrir sig verið teknar til umfjöllunar en þar sem nú liggja fyrir tölur frá síðustu fjórum árum skapast grundvöllur til að bera niðurstöðurnar saman og íhuga þær breytingar sem orðið hafa á viðhorfum fólks til Fasteignamatsins. Þau fjögur meginatriði sem hér verða rædd eru þekking almennings á hlutverki Fasteignamatsins, jákvæð eða neikvæð viðhorf fólks til stofnunarinnar, traust fólks á Fasteignamatinu og að síðustu hvort Fasteignamatið sé talið framsækin eða íhaldssöm stofnun.


## Ímynd Fasteignamats ríkisins

### ► Hversu vel þekkja Íslendingar hlutverk Fasteignamats ríkisins?

Aldrei hafa jafnmargir og nú talið sig þekkja vel hlutverk Fasteignamatsins eða 23%. Jafnframt hefur hlutfall þeirra sem telja sig þekkja hlutverk stofnunarinnar illa lækkað niður í 61%. Hlutfall þeirra sem telja sig hvorki þekkja hlutverk Fasteignamatsins vel né illa er lítið eitt hærra en áður. Fólk á höfuðborgarsvæðinu telur sig þekkja betur til hlutverks stofnunarinnar sem og þeir sem eru í hærri tekjuflokkum og hafa meiri menntun og er það í samræmi við fyrri kannanir.

Þegar allar fjórar kannanirnar eru skoðaðar í samhengi kemur í ljós að þeim sem telja sig þekkja vel starfsemi stofnunarinnar hefur fjölgað talsvert, voru 15% árið 2000 en nú telja 23% sig þekkja vel til stofnunarinnar.

Á sama hátt hefur þeim sem telja sig




þekkja illa til stofnunarinnar farið fækkandi. Líklegt verður að telja að ástæða þessa sé hin mikla umfjöllun um nýja fasteigna- og brunabótamatið og sú staðreynd að fjöldi fólks gerði athugasemdir við það og þurfti þá að gera sér skýrari grein fyrir starfsemi stofnunarinnar. Auk þess hefur mikil umræða um þróun fasteignaverðs vakið athygli fólks á starfsemi Fasteignamatsins.

# ÚTDRÁTTUR ÚR VIÐHORFSKÖNNUN


## ▶ Viðhorf gagnvart Fasteignamati ríkisins

Hvað varðar viðhorf fólks til Fasteignamatsins þá hefur hlutfall þeirra sem eru jákvæðir í garð stofnunarinnar aldrei verið hærra, eða 43%. Aðeins 11% eru neikvæðir og er hlutfall þeirra sem ekki taka afstöðu svipað og áður. Árið 2000 voru hins vegar 39% aðspurðra jákvæðir í garð stofnunarinnar. Sömuleiðis hefur hinum neikvæðu fækkað talsvert frá því fyrsta könnunin var gerð. Líklega eru það skjót viðbrögð Fasteignamatsins við þeim athugasemdum sem fólk gerði við nýja fasteigna- og brunabótamatið sem ráða þarna mestu um og viðskiptavinir stofnunarinnar meti það við hana óhád því hver niðurstaða erindis þeirra var.




## ▶ Er Fasteignamat ríkisins traust stofnun?

Traust fólks á Fasteignamatinu hefur minnkað lítillega frá síðustu könnun. Nú telja 72% aðspurðra stofnunina trausta en þeir voru 73% á síðasta ári. Um 12% telja stofnunina ótrausta og er það 2% meira en í síðustu könnun. Um 15% taka ekki afstöðu, 1% minna en í fyrra. Árið 2000 töldu hins vegar 68% aðspurðra Fasteignamatið trausta stofnun og 17% ótrausta.



## ▶ Telur þú Fasteignamat ríkisins framsækna eða íhaldssama stofnun?

Mikill meirihluti aðspurðra taldi Fasteignamatið íhaldssama stofnun eða 78% og hefur þeim fjölgað nokkuð frá síðustu könnun en þá voru 73% sama sinnis. Þeim sem telja stofnunina framsækna eða taka ekki afstöðu hefur hins vegar fækkað, eru 11% í báðum flokkum, en þeir voru 14% fyrir ári. Skoðun fólks á þessu atríði nálgast það sem sjá má í fyrstu könnuninni frá árinu 2000 en þá töldu 82% aðspurðra Fasteignamatið vera íhaldssama stofnun.



# ÚTDRÁTTUR ÚR VIÐHORFSKÖNNUN

Ekki er hlaupið að því að ráða í orsakir þessara breyttu viðhorfa en vel má ímynda sér að umræða um tölvuútreikninga á fasteigna- og brunabótamati í sambandi við nýja matið og uppsetningu á Landskrá fasteigna valdi

nokkru um þá uppsveiflu sem varð á fjölda þeirra sem töldu stofnunina framsækna árin 2001 og 2002. Nú er þessi umræða ekki lengur í gangi og því fjölgar þeim sem telja Fasteignamatið íhaldssama stofnun.

# FASTEIGNAMARKAÐURINN Á ÁRINU 2003

## Þróun fasteignaverðs íbúðarhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu


Fasteignaverð íbúðarhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu hækkaði nokkuð samfellt yfir árið 2003. Þegar þróun fasteignaverðs er skoðuð í samhengi við þróun vísitölu neysluverðs, byggingarvísitölu og launavísitölu til greiðslujöfnunar undanfarinn áratug náði það hámarki á árinu. Á mynd 1 má sjá þróun vísitölu fasteignaverðs íbúðarhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu frá árinu 1994. Þar kemur einnig fram þróun vísitölnunnar miðað við vísitölu neysluverðs, byggingarvísitölu og launavísitölu til greiðslujöfnunar.

Tólf mánaða breyting á verði fór hæst í tæp 15% á árinu og þarf að líta aftur til ársins 2000 til að sjá jafn mikla árshækkun á fasteignaverði. Á mynd 2 má sjá tólf mánaða breytingar á vísitölu fasteignaverðs íbúðarhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu.


Þegar litið er til þróunar fasteignaverðs á landinu í heild má greina skýrar línur í þróuninni eftir landshlutum. Með hæfilegri einföldun má skipta landinu í fjögur svæði sem hvert um sig hafa lotið ólíkum þróunarferlum á tímabilinu frá 1990. Á mynd 3 má sjá þróun íbúðaverðs eftir landshlutum.

Fasteignaverð á höfuðborgarsvæðinu og í þeim landshlutum sem að því liggja, Vesturlandi, Reykjanesi og Suðurlandi, hækkuðu mest. Þar varð hækkun á fasteignaverði á bilinu 112% til 139% frá 1990. Nálægðin við þéttbýli höfuðborgarsvæðisins er nærtækasta skýringin á þróuninni á Vesturlandi, Reykjanesi og Suðurlandi.

Á Norðurlandi eystra var hækkunin minni (90% frá 1990) þótt þar hafi ferillinn einnig risið skarpt frá árinu 1998.




Mynd 1



Mynd 2

Á Norðurlandi vestra og Austurlandi hefur hækkunin verið mun minni eða 45%-48% frá 1990. Þar voru jafnframt meiri sveiflur í verðinu.


Vestfirðir skera sig úr öðrum landshlutum að því leyti að þar hafa hækkar á verði íbúðarhúsnæðis verið minnstar. Fram eftir tíunda áratugnum má segja að fjórðungurinn hafi fylgt öðrum landshlutum í þróuninni en árið 1999 tók hún aðra stefnu og árið 2003 var verðlag íbúðarhúsnæðis á Vestfjörðum u.þ.b. 18% hærra en það var árið 1990 og hefur hvergi hækkað minna.



Mynd 3

### Velta á fasteignamarkaði

Árið 2003 var metár í fasteignaviðskiptum. Fjöldi kaupsamninga sló fyrra met frá árinu 1999. Fjöldi kaupsamninga í fasteignaviðskiptum dróst saman eftir 1999 en upphæð veltu stóð í stað. Frá árinu 2001 hefur bæði fjöldi samninga og upphæð veltu vaxið stöðugt. Á mynd 4 má sjá þróun veltu á fasteignamarkaði.



Mynd 4

### Fjármögnun íbúðarhúsnæðis

Á árinu 2003 fór hlutur útborgunar og fasteignaveðbréfa skiptanlegra fyrir húsbref vaxandi á kostnað yfirtekinna fasteignaveðbréfa. Ekki liggja fyrir upplýsingar um hvernig útborgunin er fjármögnuð en m.a. teljast viðbótarlán íbúðalánasjóðs til hennar. Hlutur yfirtekinna lána Byggingasjóðs ríkisins hélt áfram að minnka og húsbref hurfu svo gott sem úr veltunni.




Á mynd 5 má sjá þróun fjármögnunar íbúðarhúsnæðis frá 1994. Lág ávöxtunarkrafa húsbrefa hvatti fólk til að greiða upp eldri lán og taka ný fasteignaveðbréf í tengslum við fasteignaviðskipti.

Athyglisvert er að skoða skiptingu yfirtekinna fasteignabréfa eftir vaxtaþrósentunni sem þau bera. Þetta má sjá á mynd 6. Efsta línan sýnir hlutdeild yfirtekinna fasteignaveðbréfa í heild, hún hefur farið nokkuð jafnt lækkandi frá því á fyrri hluta ársins 2002.


Línan þar fyrir neðan sýnir hlutdeild fasteignaveðbréfa með 5,1% vöxtum, en það eru þeir vextir sem verið hafa á bréfum útgefnum frá því í október 1994. Hlutdeild þeirra í heildarfjármögnuninni fór nokkuð stöðugt vaxandi framan af en hefur farið minnkandi frá 2002.

Næsta lína fyrir neðan sýnir hlutdeild bréfa sem bera 6,0% vexti. Þau voru gefin út á tímabilinu frá nóvember 1990 til nóvember 1993. Á myndinni má sjá hvernig þau féllu skarpt árið 1999, þá var ávöxtunarkrafa húsbrefa lág og því hvati til að greiða upp lán með svo háum vöxtum. Með hækkandi ávöxtunarkröfu komu þau svo aftur inn í veltuna. Kostnaður við töku nýrra lána gerði að verkum að ávöxtunarkrafan þarf að lækka mikið til að borgi sig að greiða upp 6% lánin. Á árinu 2003 hríðféll hlutdeild þeirra aftur samhliða lágri ávöxtunarkröfu.

Á myndinni má einnig sjá hlutdeild lána sem bera 5,0% og 5,75% vexti. Skuldabréf með 5,0% vöxtum voru gefin út á tímabilinu frá nóvember 1993 til október 1994 og með 5,75% vöxtum á tímabilinu frá nóvember 1989 til nóvember 1990.



Mynd 5



Mynd 6

Viðar Már Matthíasson, prófessor

## 1. Inngangur

Í þessari grein verður fjallað um fasteignarhugtakið. Í huga flestra manna ætti slík umfjöllun hvorki að þurfa að vera flókin né ítarleg, enda telja menn sig almennt hafa nokkuð skýra hugmynd um hvað sé fasteign. Oftast leikur heldur enginn vafi á því, hvort tiltekin eign sé fasteign eða ekki. Þegar nánar er skoðað, er þetta þó ekki alltaf augljóst. Oft leikur líka vafi á því hvar og hvernig eigi að draga mörk milli fasteigna innbyrðis og milli fasteigna og annarra eigna, sem vafi kann að leika á hvort telja beri fasteign. Annars konar afmörkun fasteigna veldur líka oft vafa, þ.e. hvaða lausafjármuni á að telja til fasteignarinnar sem fylgifé og hvaða lausafjármunir gera það ekki.

Til að afmarka nokkuð umfjöllunina strax í upphafi er unnt að segja, að annaðhvort er eign fasteign eða lausafé. Lausafé er almennt ekki skilgreint með jákvæðum hætti, heldur er látið nægja, að segja að lausafé sé allt það, sem getur verið andlag eignarréttar og telst ekki fasteign.<sup>1</sup> Af þessu leiðir, að eingöngu þarf að

gera grein fyrir því hvað sé fasteign í hverju tilviki. Allt annað er þá lausafé.

Fasteignir hafa gríðarmikla þýðingu fyrir Íslendinga og fyrir efnahagslíf okkar. Segja má að hinn íslenski þjóðarauður sé öðru fremur fólgin í þeim fasteignum, sem eru í landinu og víst er að auður hvernir fjölskyldu er oftast að langmestu leyti falinn í þeirri eða þeim fasteignum, sem hún á. Það eykur verulega hina efnahagslegu þýðingu fasteigna, að þær má nota til tryggingar fyrir lánnum, sem ekki bara eru nýtt til kaupa á viðkomandi fasteign, heldur til ýmissa annarra fjárfestinga. Fasteignir eru þannig grundvöllur umtalsverðra fjárfestinga einstaklinga og lögaðilja. Fasteignir hafa einnig mikla félagslega þýðingu ekki sízt fyrir fjölskyldur sem samastaður þeirra og miðstöð fjölskyldulífs. Það er því verðugt viðfangsefni, að gera grein fyrir því, hvað sé fasteign, hver séu merki hennar og hvaða réttindi tengjast henni helzt, enda takmarkast eignarréttindi yfir fasteign við þessi verðmæti og ná þannig almennt ekki til lausafjár sem fellur utan fasteignarhugtaksins.<sup>2</sup>



Saudafell í Döllum lx ç að fornu mati og ein af valdamiðstöðvum Sturlungaættarinnar í átökum 13. aldar. Söfnun fasteigna var snar þáttur í valdabaráttu íslenskra höfðingja á miðöldum og eignarhald á stórbýlum á borð við Saudafell var mikilvægt stöðutákn. (Ljósmynd Guðmundur J. Guðmundsson).

<sup>1</sup> Sbr. t.d. Páll Sigurðsson, *Kauparéttur*, bls. 46 og Jon Khilman, *Köprätten, en introduktion*, bls. 34.

<sup>2</sup> Gaukur Jörundsson, *Eignaréttur I*, bls. 30.



*Eyðibýlið Gljúfurá í Arnarfirði, örreitisbot sem þó var metið til xviii c. Þetta var eignarjörð Jóns Sigurðssonar forseta og með eignarhaldi á jörðinni fullnægði hann kröfum bændasamfélagsins um að þeir sem buðu sig fram til þings skyldu eiga ákveðna lágmarks eign. (Ljósmynd Guðmundur J. Guðmundsson).*

Þegar búið er að slá því föstu, að tiltekin eign sé fasteign hefur það víðtæk réttaráhrif. Þannig gilda að ýmsu leyti aðrar réttarreglur um hana en lausafé. Þetta á t.d. við samkvæmt reglum skattaréttar, enda er t.d. fasteignaskattur samkvæmt II. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga, einungis lagður á fasteignir.<sup>3</sup> Um viðskipti með fasteignir gilda reglur laga um fasteignakaup, nr. 40/2002, en ella eiga við lög um lausafjárkaup, nr. 50/2000 eða lög um neytendakaup, nr. 48/2003.

Efni þessarar greinar skiptist þannig, að í 2. kafla verður gerð grein fyrir skilgreiningu á hugtakinu fasteign og því lýst sérstaklega að hugtakið sé afstætt. Í 3. kafla verður fjallað um fylgifé fasteigna, þ.e. hvað tilheyri venjulega fasteign. Í 4. kafla verður gerð grein fyrir merkjum fasteigna, þ.e. hvernig merki þeirra séu ákveðin gagnvart öðrum fasteignum, einkum þegar vafi getur leikið á um það, svo og hvað réttur fasteignareiganda nær langt niður og upp. Einhver mörk hljóta að vera á því, hvað eigandi fasteignar getur gert tilkall til að eiga land eða jarðveg langt niður í jörðina og hve langt réttur hans til loftrýmis þess, sem yfir landinu er, nær upp í himinhvolfið. Í 5. kafla verður gerð stutt grein fyrir ýmsum

flokkum fasteigna, en flokkunin er með ýmsum hætti í lögum. Þá verður í 6. kafla fjallað í stuttu máli um það hvernig háttáð sé skráningu fasteigna og hvers vegna þurfi að skrá þær. Í 7. kafla verður stutt umfjöllun um helztu fasteignaréttindi. Loks verður í 8. kafla stutt samantekt á efni greinarinnar.

## 2. Hugtakið fasteign

### 2.1 Skilgreiningar

Hugtakið fasteign er ekki alltaf skilgreint með sama hætti í íslenskri löggjöf og lagaframkvæmd. Það er ekki einstakt fyrir Ísland, því sama er uppi á teningnum í ýmsum nágrannalöndum okkar.<sup>4</sup> Þó má segja, að annars vegar sé til hefðbundin eða almenn skilgreining á hugtakinu fasteign og hins vegar sértækari skilgreiningar, sem ráðast þá fremur af markmiði þeirra laga, sem skilgreina eða nota fasteignarhugtakið.

Hin hefðbundna eða almenna skilgreining er á þann veg, að fasteign sé afmarkaður hluti lands ásamt eðlilegum hlutum þess, lífrænum og ólífrænum og

<sup>3</sup> Lög um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995.

<sup>4</sup> Bo von Eyben, Peter Mortensen og Peter Pagh, *Fast ejendom, Rådighed og regulering*, bls. 13 og áfram og Kauko Viitanen, Arvo Kokkonen og Arvo Vitikainen, *Fastighetsbegrepp i Finland, Fastighetsbegreppen i de Nordiska länderna*, bls. 66.

mannvirkjum, sem varanlega eru við landið skeytt.<sup>5</sup> Með lífrænum hlutum er átt við gróður sem á landinu vex, en með ólífrænum hlutum er t.d. átt við mold, grjót, sand, auk vatns er á landinu liggur, málma í jörðu o.fl. Hugtakið fasteign er skilgreint með þessum hætti í lögum um skráningu og mat fasteigna, nr. 6/2001, sbr. 1. mgr. 3. gr. Þau lög gera þó ráð fyrir, að ekki aðeins fasteignir séu skráðar sem heild, heldur skuli skrá fasteignir, hluta þeirra og einstök mannvirki sem sérstakar eindir í Landskrá fasteigna, auk þess sem þau gera ráð fyrir að sum réttindi séu þar einnig skráð. Verður gerð grein fyrir því í stuttu máli síðar, hvernig þeirri skráningu er háttað.

Um hinar sértækari skilgreiningar má sem dæmi benda á lög um fjöleignarhús, en þar er hugtakið fasteign skilgreint svo:

Hver eignarhluti telst, ásamt því sem honum fylgir sérstaklega og eignarhlutum í sameign, sérstök fasteign, enda sé fullnægt skilyrðum laga um skráningu og mat fasteigna.<sup>6</sup>

Í þessu felst að íbúð í fjöleignarhúsi, eða hlutdeild í atvinnuhúsnæði, ásamt sameign og leigulóðarréttindum telst sérstök fasteign, að því tilskildu að þessi eign verði skráð sem slík samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna. Í 2. gr. laga um fasteignakaup, er hugtakið fasteign skilgreint svo:

Fasteign samkvæmt lögum þessum telst vera afmarkaður hluti lands, ásamt eðlilegum hlutum þess, lífrænum og ólífrænum, og mannvirki, sem varanlega eru við landið skeytt. Með fasteign er einnig átt við eignarhluta í húsi eða öðru mannvirki, sem skiptist í fleiri en einn slíkan.

Lög um fasteignakaup gilda um kaup, sölu, skipti á fasteignum og ýmis ákvæði þeirra gilda einnig um gjafagerninga um fasteignir. Telja verður eðlilegt að skilgreining laganna miðist við að gildissvið þeirra nái til þeirra eigna sem eru fasteignir í viðteknum skilningi og annarra

eigna, sem heppilegt er að sæti sömu reglum. Slíkt kallar á rýmri skilgreiningu en felst í þeirri, sem hefðbundin er, og gerð er grein fyrir að framan.

Ekki er ástæða til að leita fleiri sértækra skilgreininga í lögum til þess að fjalla um nánar.<sup>7</sup> Aðalatriðið er, að vekja athygli á, að auk hinnar hefðbundnu skilgreiningar er að finna á víð og dreif í löggjöfinni annars konar skilgreiningar, sem þjóna sérstökum markmiðum.

## 2.2 Nánari skýring á fasteignarhugtakinu

Þegar skilgreiningarnar að framan er skoðaðar nánar, vakna ýmsar spurningar. Ein er t.d. sú, hvort fasteign sé alltaf bara hlutræn eining, þ.e. hvort til fasteignar teljist bara áþreifanlegir hlutir eða eindir, t.d. hús og land, eða hvort til fasteignar teljist líka réttindi, sem ekki hafa hlutræna tilvist. Ef ein jörð á rétt til reka í landi annarrar, eru þá þessi réttindi hluti af fyrrnefndu fasteigninni, eða falla þau utan við skilgreiningu á henni? Í hugum flestra er fasteign aðeins hlutrænt fyrirbrigði, en ekki er víst að það samrýmist efni þeirra reglna, sem um fasteignir gilda. Önnur spurning er sú, hvort það sé skilyrði að allir hlutar fasteignar séu í eigu sama aðilja, eða hvort einn geti átt landið, annar húsið sem á því stendur og sá þriðji einhver verðmæti í húsinu.

Sé vikið að fyrra álitafninu ber að hafa í huga, að í hinni hefðbundnu skilgreiningu á fasteignarhugtakinu, segir beinlínis að fasteign sé afmarkað land ásamt eðlilegum hlutum þess, lífrænum og ólífrænum og þeim mannvirkjum, sem varanlega eru við það skeytt. Hin hefðbundna skilgreining miðar því eingöngu við hlutræna þætti. Eignarhlutur í fjöleignarhúsi, þar með talið hlutdeild í leigulóðarréttindum er sérstök fasteign að lögum. Á afmörkuðum hluta lands geta því hæglega verið 50 fasteignir, þ.e. ef gert er ráð fyrir þeim fjölda eignarhluta í fjöleignarhúsi og réttindum til lóðarinnar, sem þeim fylgja.

<sup>5</sup> Gaukur Jörundsson, *Eignaréttur* I, bls. 30 og Þorgeir Örylgsson, *Kaflar úr eignarétti* I, bls. 59.

<sup>6</sup> Lög um fjöleignarhús, nr. 26/1994, 11. gr.

<sup>7</sup> Fleiri dæma er getið í riti Þorgeirs Örylgssonar, *Kaflar úr eignarétti* I, bls. 60-61.

Eru þá réttindin fasteign eða hluti fasteignar, eða leiðir tilvist þeirra til þess, að eignarhluti í húsi telst fasteign ásamt skilgreindri hlutdeild í lóð t.d. 1/50 hluta lóðarinnar? Líklega verður að líta svo á í þessu tilviki. Aðalatriðið er að réttindin til lóðarinnar séu varanleg. Ef svo væri ekki yrði húsið líklega talið lausafé. Fáheyrt er að byggingar, einkum hús, séu reistar á landi án þess að um varanleg réttindi sé að ræða og er ástæðulaust að gera ráð fyrir því ef það er fjöleignarhús. Þegar vafi leikur á um varanleika lóðarréttinda er einkum um sumarbústaði, vinnuskála og því um líkt að ræða. Af framansögðu verður sú ályktun dregin, að þótt hin hefðbundna skilgreining á hugtakinu fasteign miði einungis við hlutræna þætti eru ýmiss konar réttindi oft hluti fasteignarhugtaksins. Staðreyndin er nefnilega sú, að í sumum samböndum verður að telja slík réttindi til fasteignarinnar sjálfar. Verður engan veginn hjá því komizt, t.d. þegar mælt er fyrir um það í lögum að tiltekin réttindi beri að telja til fylgifyrjar fasteignar.



Fjöleignarhús á horni Lönguhlíðar og Miklubrautar. Um þau gilda sérilög sem kveða á um að íbúð í fjöleignarhúsi ásamt sameign og lóðaréttindum teljist ein fasteign. (Ljósmynd Guðmundur J. Guðmundsson).

Um síðara álitæfnið er það að segja, að það hefur að íslenskum rétti aldrei verið talið skilyrði þess, að afmarkaður hluti lands og mannvirkis, sem á því er teljist ein fasteign, að þetta tvennt sé í eigu eins og sama aðilja. Einungis hefur verið áskilið að um varanleg tengsl mannvirkis eða tilfæringa við landið sé að ræða og varanleg réttindi til þess. Þessa reglu verður að skoða í því ljósi, að það er meginreglan í þéttbýli á Íslandi, að

sveitarfélag eigi land, sem skipulagt hefur verið til íbúðarbyggðar. Sveitarfélagið gerir lóðarleigusamninga til langs tíma við þann sem byggir, en þann samning yfirtaka jafnan síðari eigendur. Eigandi mannvirkis í þéttbýli, t.d. íbúðarhúss, á því sjaldnast landið, sem það stendur á, en hann hefur varanleg réttindi til þess á grundvelli lóðarleigusamnings við eigandann, sem oftast er sveitarfélagið.

### 2.3 Varanleg tengsl við land

Af framangreindu má sjá, að það er grundvallaratriði við mat á því, hvað sé fasteign, hvort mannvirkið hefur varanleg tengsl við land í tvennum skilningi. Annars vegar hversu varanlegur frágangur er á tengslum mannvirkis við land og hins vegar hve varanleg þau réttindi eru, sem eigandi mannvirkis hefur til að láta það standa á landi.

Um fyrra atriðið getur sjaldan leikið vafi. Sé tekið dæmi af húsum eru tengsl þeirra við land almennt svo traust og varanleg að enginn vafi leikur á, hvort það fullnægi framangreindum skilyrðum. Sem fyrr greinir eru það fyrst og fremst sumarbústaðir og vinnuhíbyli (starfsmannabúðir) hvers konar, þar sem vafi leikur á, hvort tengslin séu nægilega varanleg. Nefna má til skýringar ágreiningsefni í úrskurði yfirfasteignamatsnefndar frá 18. desember 1987.<sup>8</sup>

Í þeim úrskurði var deilt um það hvort timbureiningahús, sem orkufyrirtækið Landsvirkjun hafði reist með heimild á landi í eigu annars aðilja, gætu verið andlag fasteignagjalda. Kjarni ágreiningsins laut að því, hvort þau teldust lausafé eða fasteignir. Húsin voru reist í tengslum við framkvæmdir Landsvirkjunar við vatnsaflsvirkjun í Blöndu og áformaði Landsvirkjun að húsin skyldu standa í sjö ár. Sveitarfélagið, Svínavatnshreppur, en húsin stóðu í landi jarðar í hreppnum, taldi að umræddar byggingar væru ótvírætt fasteignir, því frágangur þeirra væri með áþekkingu hætti og tíðkaðist um timbureiningahús og

<sup>8</sup> Úrskurðurinn er reifaður í riti Þorgeirs Örlýgssonar, *Kaflar úr eignarétti* I, bls. 60.



sumarhús, sem verið væri að reisa um allt land. Skipti ekki máli í því sambandi þótt þeim væri einungis ætlað að standa í sjö ár. Yfirfasteignamatnefnd taldi að tengsl húsanna við landið væru ekki svo losaraleg að þau yrðu talin til lausafjár en ekki fasteigna í skilningi þágildandi laga um skráningu og mat fasteigna, nú lög nr. 6/2001. Var því hafnað kröfu Landsvirkjunar um að fella niður álöggð fasteignagjöld af húsunum.

Ef draga má ályktanir af þessum úrskurði ætti, að vera ljóst, að sumarbústaðir teljast almennt fasteignir, t.d. þeir sem reistir eru á stólpum, sem grafnir eru í jörð oftast með steiptum fæti. Hið sama á við um annars konar hús, sem tengd eru við land með sama hætti. Haft getur þýðingu að vatns- og skólplagnir eru tengdar í húsinn, en það leiðir augljóslega til þess að tengsl við land verða varanlegri. Á hinn bóginn myndu færanlegir vinnuskúrar almennt ekki teljast fasteignir, jafnvel þótt mannvirkjagerð, sem er tilefni niðurstetningar þeirra, eigi að standa um nokkurt skeið, t.d. tvö til þrjú ár. Enginn vafi leikur á um léttari náðhús og slíkar tilfæringar, þær yrðu almennt taldar lausafé. Spyrja má, hvort hjólhýsi, sem stendur í hjólhýsahverfi og hefur fengið til þess rétt, t.d. með leigusamningi við eiganda lands, teljist fasteign. Almennt verður að ganga út frá því, að hjólhýsi geti ekki talizt fasteign, þótt það standi á landi á grundvelli leigusamnings til nokkurs tíma. Skilyrðið um varanleg tengsl við land teldist ekki uppfyllt að öðru jöfnu.



*Hvenær hættir hjólhýsi að vera lausafé og verður sumarbústaður, fasteign? (Ljósmynd Guðmundur J. Guðmundsson).*

Aðstaðan gæti breytt ef hjólabúnaðurinn yrði rifinn undan því og settar traustar undirstöður fyrir því og það tengt við neyzluvatns- og skólplagnakerfi, enda væri þá lítill munur á því og venjulegu sumarhúsi.

Um það hve varanleg réttindi til landsins þurfa að vera, er ekki unnt að fullyrða með almennum hætti. Um þetta atriði rís reyndar afar sjaldan vafi, enda tengsl mannvirkis við land almennt reist á lóðarleigusamningi til langs tíma og í mörgum tilvikum, einkum utan þéttbýlis á beinum eignarrétti að landinu. Í Reykjavík er t.d. gert ráð fyrir að lóðir séu leigðar til 75 ára, en einnig er borgarstjórn heimilt að ákveða annan leigutíma.<sup>9</sup> Það er einkum í tilvikum þegar hús er reist án heimildar, eða á grundvelli óljósrar heimildar, sem vafi rís um það, hvort rétturinn til landsins sé nægilega varanlegur. Nokkrir dómur hafa gengið um skýringu á þessu atriði.

**Hrd. 1979, bls. 938.** Í þessu máli var um það deilt, hvort veðréttur í sumarbústað tæki einnig til eignarlands þess er hann stóð á, en skjöl um það voru ekki ótvíræð. Eigandi bústaðarins, sem einnig átti landið, hélt því fram, að samkvæmt orðum sínum tæki veðsetningin aðeins til sumarbústaðarins sjálf, en ekki landsins. Auk þess reisti hann kröfur sínar á því, að veðsetningin gæti ekki tekið til landsins, því bústaðurinn stæði á landinu án tilskilinna leyfa yfirvalda. Niðurstaða málsins var sú, að veðsetningin tæki bæði til bústaðarins og landsins. Var í því sambandi bent á, að bústaðurinn hefði staðið í 20 ár á landinu og þótt ekki hefði verið fengið leyfi fyrir honum, væri ekki unnt að líta á hann sem lausafé. Var hann því talinn fasteign.

**Hrd. 1937, bls. 243.** Í þessu máli var um það deilt, hvort fara ætti með nauðungarsölu á sumarbústað eftir reglum um nauðungarsölu á lausafé eða fasteignum. Sumarbústaður sá, er um ræddi, var reistur í landi jarðarinnar Hólms í Seltjarnarneshreppi og hafði ábúandi jarðarinnar leigt manni einnar dagsláttu lóð árið 1934 þar sem heimiluð væri bygging sumarbústaðar. Hæstiréttur taldi að ábúandi hefði

<sup>9</sup> Sjá 1. og 2. gr. laga um ákvörðun leigumála og söluverðs lóða og landa Reykjavíkurkaupstaðar, nr. 86/1943.

haft leyfi lögum samkvæmt til að leigja land undir sumarbústað og skipti í því sambandi ekki máli, þótt byggingarbréf hans fyrir jörðinni bannaði slíkt. Var talið, að sumarbústaðnum hefðu þegar í upphafi fylgt slíkt lóðarréttindi að fara bæri um nauðungarsölu á honum eftir reglum um fasteignir. Ekki skipti máli í þessu sambandi þótt lóðarleigusamningi hefði ekki verið þinglýst, er nauðungarsölu var krafizt.

Önnur niðurstaða varð í:

**Hrd. 1934, bls. 1007.** S fékk leyfi eiganda Lambastaða á Seltjarnarnesi til þess að flyta timburhús af öðrum grunni og setja niður á túninu á Lambastöðum. Leyfið var ekki veitt til neins tiltekins tíma. Talið var í Hæstarétti, að veruleg óvissa væri um hver lóðarréttindi fylgdu húsinu eða hvort þau væru nokkur. Af þeirri ástæðu taldi rétturinn, að ekki væri unnt að líta á húsið sem fasteign.

Draga má þá ályktun af þessum dómum, að það teljist varanleg tengsl við land, þegar fyrir liggur lóðarleigusamningur í réttu horfi, sem ekki er einungis til mjög skamms tíma. Hefur þessi viðmiðunarregla verið orðuð svo, að ef hús eða annað mannvirki stendur á landi beri að telja það og landið, sem það stendur á eða tilheyrir, fasteign, ef samband þess við eignina er ekki aðeins til bráðabirgða.<sup>10</sup> Þegar hús stendur á landi eiganda þess má almennt ganga út frá því að slíkt tengsl teldust varanleg í framangreindum skilningi. Eins og fyrr segir er þó einnig áskilið að tengslin séu varanleg í þeirri merkingu að hús eða mannvirki sé tryggilega við landið fest.

## 3. Fylgifié fasteigna

### 3.1 Inngangur

Þegar búið er að slá því föstu, að mannvirki hafi nægjanlega varanleg tengsl við afmarkaðan

hluta lands og sé því fasteign, þarf að taka afstöðu til þess, hvað tilheyrir fasteigninni og hvað ekki. Það hefur mikla hagnýta þýðingu, að afmarka það svo sem kostur er, hvaða verðmæti teljist til fasteignar. Sem dæmi má nefna, að við sölu hennar eiga þá að fylgja þau verðmæti öll sem fasteigninni tilheyrðu við skoðun án þess að um það þurfi að semja sérstaklega og er seljanda óheimilt að undanskilja nokkurt þeirra, án samþykkis kaupanda.<sup>11</sup> Einnig má nefna, að þegar fasteign er veðsett nær veðrétturinn einnig til lausafjár, sem við kaup og sölu telst venjulegt fylgifié þeirrar fasteignar, sem veðsetningin tekur til.<sup>12</sup>

Hvað er þá fasteignin sjálf og hvað telst til hennar, þ.e. hvað er fylgifié hennar? Gerð verður grein fyrir því að neðan, en strax ber að hafa þann fyrirvara, að það verður aldrei tæmandi talið með almennum hætti, hvað sé fylgifié fasteignar. Ástæða þess er m.a. sú, að það er breytilegt eftir „tæknistigi og tíðaranda“ hvað telst fylgifié fasteigna og hvað ekki.<sup>13</sup>

### 3.2 Fasteignin sjálf og fylgifié hennar

Fasteignin sjálf, telst auk landsins vera allt annað sem varanlega er við það skeytt, hvort sem það er af náttúrulegum aðstæðum, t.d. rótföst tré eða öðrum ástæðum, t.d. hús sem byggt hefur verið á landinu. Ef tilfæringar eru fjarlægðar af landi hætta þær að teljast hluti fasteignarinnar. Til hússins teljast grunnur þess, veggir, þar með talið innveggir, milligólf, þak, hurðir, gluggar, gler, tröppur og annað sambærilegt.<sup>14</sup> Flest hús og önnur mannvirki hafa ýmsan búnað til viðbótar framangreindu. Nægir að nefna girðingar, sem eru í traustu sambandi við eign, ýmsir munir sem beinlínis eru skeyttir við eign eins og innréttingar sem skráfaðar eða boltaðar eru við veggir eða gólf í eldhúsi, baðherbergi og þess háttar. Auk þess ýmiss annar búnaður t.d. hitunarbúnaður eins og ofnar, vatnslagnir og ýmsar tilfæringar

<sup>10</sup> Ólafur Lárússon, *Eignaréttur I*, bls. 41-42.

<sup>11</sup> Viðar Már Matthíasson, *Fasteignakaup, helztu réttarreglur*, bls. 32-33.

<sup>12</sup> Sjá c lið 1. mgr. 16. gr. laga um samningsveð, nr. 75/1997.

<sup>13</sup> *Alþingistíðindi* 2001-02, A-deild, bls. 1466.

<sup>14</sup> Sjá t.d. Viðar Már Matthíasson, „Gallahugtak laga um fasteignakaup“, nr. 40/2002, bls. 761.

tengdar þeim, raflagnir, rafmagnstöflur og búnaður sem þeim tengist.

Unnt er að nálgast lýsingu á því, hvað sé fylgifié fasteignar úr tveimur áttum og er ráðlegt að nota þær báðar. Annars vegar er þess kostur, að setja fram almennar leiðbeiningarreglur um, hvernig skilja eigi fylgifié fasteignar frá öðrum eignum, t.d. lausafé sem ekki ber að telja fylgifié og hins vegar lýsa því nánar með upptalningu, hvað geti verið fylgifié og hvað ekki.

### 3.3 Leiðbeiningarreglur um afmörkun fylgijár frá lausafé sem ekki telst til fasteignar

Settar hafa verið fram almennar leiðbeiningarreglur um það, hvernig afmarka eigi fylgifié fasteignar. Sem dæmi um slíka leiðbeiningarreglu má nefna:

Hvort hlutir séu fylgifié með fasteign, fer eftir því, hvort þeir, eftir því, sem almennt er talið, heyri til þess, sem fasteignin þarf að vera útbúin með til þeirra afnota, sem hún er ætluð til, og hvort eignin almennt því aðeins er talin fullgild til leigu eða sölu, að þessir hlutir fylgi henni.<sup>15</sup>

Segja má, að aukin velmegun, betri fasteignir og meiri búnaður þeirra hafi í raun gert þessa leiðbeiningarreglu gagnslitla, þótt ennþá megi hafa hana til hliðsjónar. Í lögum um fasteignakaup er almenn regla um ákvörðun þess, hvað sé fylgifié fasteignar, sem er nokkuð á annan, veg þ.e.:

Leiki vafi á hvort búnaður eða réttindi telst fylgifié fasteignar skal einkum litið til þess hvort viðurhlutamikið væri að skilja búnaðinn eða réttindin frá fasteign, hvort verðmæti búnaðar eða réttinda sé í einhverjum mæli háð tengslum við eignina, þau séu nauðsynleg fyrir eðlileg afnot hennar eða geti bezt nýtt þar.<sup>16</sup>

Sem dæmi um slíkan búnað má nefna lyftu, sem sett hefur verið upp í húsi, kæligeymslu

sem hönnuð hefur verið og sett upp fyrir tiltekinn hluta húsnæðis og því um líkt.<sup>17</sup>

Loks má nefna tilgreiningu í reglugerð um fasteignaskráningu og fasteignamat, en þar segir m.a.:

Hús og önnur mannvirki skulu metin ásamt fylgifié sínu. Til fylgijár teljast munir sem tilheyra mannvirki af því tagi, sem um er að ræða. Til fylgijár teljast þó ekki, þótt skeyttar séu við fasteignir, vélar eða önnur tæki til atvinnurekstrar og heldur ekki heimilisvélar að frátöldum eldavélum.<sup>18</sup>

Af framangreindu leiðir, að það skiptir máli við mat á því, hvað telja beri fylgifié, hvers konar húsnæði um er að ræða, auk þess sem máli getur skipt hvað sé venja á hverjum stað og hverjum tíma.<sup>19</sup> Matið á því, hvað sé fylgifié fasteignar er því afstætt bæði að því leyti að það er háð stað og stund og einnig að því leyti að það getur ráðist af markmiði þeirra laga eða reglugerða, sem um það fjalla. Telja má t.d. víst að fylgijárhugtak síðastnefndrar reglugerðar sé þrengra en fylgijárhugtak laganna um fasteignakaup.

Varla er unnt með almennum hætti að lýsa því nánar hvernig afmarka beri fylgifié frá öðru lausafé, sem ekki telst fylgifié. Þann fyrirvara verður að gera við það, sem segir að framan, að fylgifiéð verður að vera til staðar á eign þegar hún er sýnd til sölu svo það eigi að fylgja með í sölu fasteignar. Um veðsetningu þarf fylgifié annaðhvort að vera til staðar þegar eign er veðsett eða því skeytt við hana síðar, en þá tekur veðrétturinn einnig til þess.

### 3.4 Sérstakar reglur um fylgifié fasteignar

Í lögum um fasteignakaup eru nokkrar reglur um það, hvað telja beri fylgifié í tilgreindum tilvikum.<sup>20</sup> Þessi upptalning er háð sama fyrirvara og áður getur, þ.e. þessi verðmæti verða

<sup>15</sup> Ólafur Lárusson, *Eignaréttur* I, bls. 42.

<sup>16</sup> Sjá 1. mgr. 22. gr. laga um fasteignakaup, nr. 40/2002.

<sup>17</sup> *Alþingistiðindi* 2001-02, A-deild, bls. 1466.

<sup>18</sup> Sjá 2. mgr. 6. gr. reglugerðar um fasteignaskráningu og fasteignamat, nr. 406/1978.

<sup>19</sup> Gaukur Jörundsson, *Eignaréttur* I, bls. 31 og Þorgeir Örylgsson, *Veðréttur*, bls. 266-267.

<sup>20</sup> Sjá 23.-25. gr. laga um fasteignakaup, nr. 40/2002.



að vera til staðar þegar eign er sýnd væntanlegum kaupanda, eða þeim lofað sérstaklega, til þess að þau teljist fylgifé fasteignar. Með sama hætti verða þau að vera til staðar þegar fasteign er veðsett eða skeytt við hana síðar til þess að teljast falla undir veðsetningu á henni.

Það hefur því fremur takmarkaða þýðingu að telja þessi veðmæti upp. Rétt er þó að veita vísbendingar um það með stuttri lýsingu.

Í fyrsta lagi teljast til fylgifyjár fasteignar hlutir, sem eiga að gera það samkvæmt lögum, stjórnvaldsreglum eða lögmætum ákvörðunum yfirvalda. Sem dæmi um þetta má nefna lögboðinn loftræstibúnað í húsnæði sem hýsir prentsmiðju og selt er til sömu nota.

Í öðru lagi hlutir sem keyptir eru með opinberri aðstoð eða fyrir fjármuni frá hinu opinbera með þeim áskilnaði að þeir skuli renna til kaupa á tilteknum búnaði. Dæmi um þetta eru tæki eða búnaður sem ætlað er að bæta aðgengi fatlaðra.<sup>21</sup>

Í þriðja lagi hlutur í sameign, ýmiss afnotaréttindi og önnur óbein réttindi sem fylgja fasteign. Hér getur verið um að ræða margs konar réttindi, t.d. rekaítak sem ein jörð á í annarri, réttur til slægna eða til beitar o.fl.

Í fjórða lagi geta ýmiss konar kröfuréttindi, sem tengjast eign talizt fylgifé hennar og verða því ekki frá henni skilin nema með samþykki t.d. kaupanda eða veðhafa. Dæmi um þetta er ógjaldfallin leiga og aðrar ógjaldfallnar kröfur sem fasteign fylgja svo og inneign fasteignar í hússjóði eða framkvæmdasjóði.

Í fimmta lagi hefur verið talið til fylgifyjár fasteignar, t.d. íbúðarhúsnæðis, varanlegar innréttingar og búnaður, sem annaðhvort er skeytt varanlega við fasteign eða er sérstaklega sniðinn að henni. Þetta á meðal annars við um fastan búnað, lagnir til hitunar

og vatnsmiðlunar, rafmagnsvirki og leiðslur, loftnet og annan móttökubúnað í eigu seljanda, sem fest eru á fasteign, föst gólfteppi og önnur gólfefni sérstaklega tilsniðin, gluggabúnað, bað- og eldhúsinnréttingar og tæki svo og vélar sem eru sérstaklega felldar inn í innréttingar og verða hluti af þeim.

Í sjötta lagi gildir sú sérregla um fylgifé fasteigna, sem ætlað er til landbúnaðarstarfsemi, að tæki og búnaður sem annað tveggja er varanlega festur við hana eða sérstaklega að henni sniðinn telst fylgifé hennar. Tæki á hinn bóginn, t.d. ökutæki, tæki til sláttar og heyhirdingar myndu ekki teljast fylgifé nema þau væru varanleg fest við fasteignina. Hið sama á við um veðmæt réttindi, t.d. framleiðsluréttindi á mjólk eða kjóti, sem veita rétt til beingreiðslu úr ríkissjóði (greiðslumark), enda eru þessi réttindi framseljanleg, þau má ekki veðsetja með fasteigninni og veðmæti þeirra er oft svo verulegt miðað við veðmæti fasteignarinnar sjálftrar, að óeðlilegt væri að líta á þau sem fylgifé er ekki bæri að greiða fyrir sérstaklega.<sup>22</sup>

## 4. Merki fasteigna og yfirráðaréttur niður í jörðina og upp í loftrými ofan lands

### 4.1 Inngangur

Næsta viðfangsefni er að lýsa reglum um það, hvernig dregin séu mörk milli fasteigna innbyrðis. Reglur um það eru fjölskrúðugar og ráðast bæði af því hvort fasteign er í þéttbýli eða dreifbýli, hvort til sé að dreifa náttúrulegri afmörkun eða ekki og ýmsum öðrum atriðum.

Viðfangsefninu verður að skipta í nokkra þætti. Í fyrsta lagi verður að gera grein fyrir því hvernig mörk milli fasteigna eru almennt dregin í þéttbýli. Í öðru lagi verður að gera

<sup>21</sup> *Alþingistíðindi* 2001-02, A-deild, bls. 1466.

<sup>22</sup> Um bann við veðsetningu þessara réttinda má vísa til 4. mgr. 3. gr. laga um samningsveð, nr. 75/1997 og Þorgeirs Örylgssonar í ritinu *Veðréttur*, bls. 123-126. Þess skal einnig getið að í 37. gr. jarðalaga, nr. 81/2004, er við það miðað að þegar lögbýli í eigu ríkisins er selt ábúanda komi ekki sérstök greiðsla fyrir greiðslumark, nema í þeim tilvikum sem ábúandi selur það frá jörð innan tíu ára frá því hann keypti það. Telja verður að þessi sérregla breyti því ekki, að greiðslumark beri ekki að telja fylgifé fasteignar.

grein fyrir því hvernig merki milli tveggja fasteigna utan þéttbýlis eru dregin. Í þriðja lagi verður að gera grein fyrir því hvernig merki milli fasteigna ákvarðast þegar á eða stöðuvatn skilur þær að. Í fjórða lagi þarf að gera grein fyrir álitaefnum um ákvörðun merkja fasteigna við jökla. Í fimmta lagi verður að gera grein fyrir því, hvernig dregin eru merki sjávarjarða til hafsins, en um það hefur lengi ríkt vafi. Í sjötta lagi verður svo að gera grein fyrir því, hvernig ákvarða beri merki landareigna og þjóðlendna. Loks verður svo í áttunda lagi gerð grein fyrir reglum um, hvað eignarréttur fasteignareiganda nær langt niður í jörðina og hvað hann nær langt upp í loftrúmið ofan lands.

## 4.2 Um merki fasteigna í þéttbýli

Ýmsar reglur gilda um mörk milli fasteigna í þéttbýli. Sérlæg um lóðarmörk í tveimur kaupstöðum hafa verið sett á Íslandi, þ.e. fyrir Reykjavík og Akureyri.<sup>23</sup> Með lögum um mælingu og skrásetningu lóða og landa

í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur var lögð sú skylda á bæjarstjórn Reykjavíkur að láta mæla allar lóðir og lönd innan takmarka kaupstaðarlóðar Reykjavíkur og gera nákvæman uppdrátt af þeim. Voru fyrirmæli um mælikvarðann, þ.e. að hann skyldi ekki vera minni en 1:500 og skyldi hann sýna greinilega takmörk hverrar lóðar og afstöðu til nágrannalóða svo og grunnflöt húsa þeirra og mannvirkja, sem á lóðinni væru. Lögin mæltu fyrir um skipun mælingamanna og hvaða málsmeðferð þeir skyldu hafa, m.a. að þeir skyldu gefa lóðareigendum og eigendum aðliggjandi lóða kost á að tjá sig áður en merki lóðar yrðu ákvörðuð. Mælingamaður skyldi svo rita lýsingu á merkjum hverrar lóðar í löggilta lóðamerkjabók og láta þar fleiri gögn. Að lokinni merkjasetningu og mælingu allra lóða og landa skyldi bæjarstjórn láta skrásetja allar lóðir og lönd í sérstaka bók, sem löggilt væri af ráðherra.

Sett voru sambærileg lög fyrir Akureyri sem var þá, næst stærsti þéttbýlisstaður á Íslandi. Voru þau lög um flest efnislega samhljóða lögnum, sem giltu um Reykjavík.



Lofmynd sem sýnir fasteignir og lóðamörk í Grafarholtshverfi í Reykjavík. (Myndin er birt með góðfúslegu leyfi Reykjavíkurborgar).

<sup>23</sup> Sbr. Lög um mælingu og skrásetningu lóða og landa í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, nr. 35/1914 og lög um mælingu og skrásetningu lóða og landa í lögsagnarumdæmi Akureyrar, nr. 16/1951.

Þessi sérlög um Reykjavík og Akureyri hafa ekki verið felld úr gildi. Ljóst er þó, að almenn ákvæði skipulags- og byggingarlaga gilda einnig um þetta.<sup>24</sup> Í 29. gr. þeirra laga er mælt fyrir um, að sveitarstjórnir skuli láta gera skrá yfir allar jarðir, lönd og lóðir innan sveitarfélagsins og á skráin að hafa tilvísun í afmörkun og eignarhald í samræmi við þinglýstar heimildir. Landeiganda er skylt að þinglýsa stofnskjali er ný fasteign verður til við skiptingu lands. Hér á landi er algengast að sveitarfélög séu eigendur lands í þéttbýli. Það er einnig þekkt, þótt sjaldgæft sé, að einstaklingar eða lögaðiljar skipuleggi land til byggingar. Er það einkum algengt um sumarhúsabyggingar. Sveitarfélög geta einnig krafizt þess af eigendum landa og jarða, að gerður sé fullnægjandi hnitsettur uppdráttur af nýjum landamerkjum og lóðamörkum, til afnota fyrir Landskrá fasteigna og þinglýsingarstjóra.

Af framangreindu leiðir, að það ræðst af ákvörðun þess eða þeirra sem annast skipulagningu byggðar í þéttbýli, þ.e. einkum sveitarstjórna, hvernig mörk eru dregin milli fasteigna, en ekki af efnisreglum um það hvernig eigi að draga slík mörk, þótt um það kunni að vera óbeinar reglur í skipulags- og byggingarlöggjöf t.d. um lóðarstærðir, fjarlægð milli húsa á aðlægum lóðum o.fl.

Fullyrða má, að almennt leiki ekki vafi á því lengur, hvar mörk milli einstakra fasteigna liggja í þéttbýli og að nákvæmar upplýsingar séu til um hvernig þau séu dregin. A.m.k. sér þess ekki stað í dómaframkvæmd að slíkur ágreiningur hafi verið þar til meðferðar síðustu áratugi.<sup>25</sup>

### 4.3 Um merki milli fasteigna utan þéttbýlis

Lög um landamerki hafa að geyma ýmsar reglur, sem mæla fyrir um gerð landamerkja.<sup>26</sup>

Lögin kveða á hinn bóginn ekki á um, hvaða land fylgir hvaða jörð, né heldur hafa þau að geyma efnisreglur, sem leysa úr vafa um hvar setja beri merki.<sup>27</sup> Í lögunum segir, að þar sem ekki séu af völdum náttúrunnar glögg merki milli jarða, sé eigendum þeirra skylt að setja slík merki svo sem með girðingum, skurðum eða vörðum. Lög um landamerki hafa verið talin ná til eftirtaldrá flokka fasteigna:<sup>28</sup>

- Jarða.
- Jarða og þjóðlendna, ef sá krefst þess er land á að þjóðlendu.
- Lönd hjáleigna, húsmannabýla og þurrabúða utan kaupstaða og löggiltra kauptúna, ef skipt land fylgir þeim.
- Annarra lendna eða landshluta sem skipt er úr landi jarðar.

Framangreind lýsing er reyndar að nokkru breytt frá því sem orðalag landamerkjalaga segir til um. Með tilkomu þjóðlendulaga er eingöngu miðað við tvo flokka fasteigna utan þéttbýlis, þ.e. eignarlönd og þjóðlendur, en afréttur sem áður var oft notað um tiltekið landsvæði er í þjóðlendulögum notað um land, sem tilgreind afnotaréttindi eru að, einkum beitarréttindi.<sup>29</sup> Getur afréttur því verið hvort sem er á þjóðlendu eða eignarlandi.

Um merki flestra jarða innbyrðis eru til skráðar heimildir, þ.e. landamerkjaskrár og gerð hafa verið glögg merki milli þeirra eins og landamerkjalög þjóða. Þar sem náttúruleg merki eru milli jarða og þjóðlendna eða annarra lendna, sem landamerkjalög taka til, þarf ekki að gera merki, svo sem fyrr greinir. Með náttúrulegum merkjum er t.d. átt við ár, vötn, sjó, jökla, gil og þess háttar. Hvaða efnisreglur gilda þá, þegar slík náttúruleg merki eru milli t.d. jarða?

<sup>24</sup> Skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997.

<sup>25</sup> Sbr. Viðar Már Matthíasson, *Fasteignakaup, helztu réttarreglur*, bls. 38, en þar er getið tveggja dóma Hæstaréttar, þ.e. í Hrd. 1940, bls. 189 og Hrd. 1949, bls. 407, þar sem ágreiningur um mörk lóða í Reykjavík er til úrlausnar.

<sup>26</sup> Sjá nánar um þetta: Tryggvi Gunnarsson, „Landamerki fasteigna“, bls. 504 og áfram.

<sup>27</sup> Lög um landamerki, nr. 41/1919.

<sup>28</sup> Tryggvi Gunnarsson, „Landamerki fasteigna“, bls. 504-505.

<sup>29</sup> Sjá t.d. Þorgeir Örylgsson, *Kallar úr eignarétti* I, bls. 68.

## 4.4 Hvernig ákvarðast merki þegar á eða stöðuvatn skilur lönd utan þéttbýlis?

Eins og fyrr greinir eru ár og stöðuvötn taldar til náttúrulegra merkja. Í því felst að þá hvílir ekki sú skylda á landeiganda eða fyrirsvarsmanni lands, að gera sjálfur merki. Til eru efnisreglur um það, hvar merki milli jarða liggja nákvæmlega, þegar ár og vötn skilja jarðir eða lendur að. Efnisreglur þessar eru í vatnalögum.<sup>30</sup>

Í 3. gr. vatnalaga segir, að ef á eða lækur skilji landareignir skuli hvort land eiga í miðjan farveg, þ.e. þegar ekki er vöxtur í vatni. Þetta gildir þó aðeins, ef ekki hefur verið gerð önnur skipan á. Ef á brýzt úr farvegi sínum og myndar nýjan farveg, hefur það ekki áhrif á merki milli jarða, því miða skal við miðju hins forna farvegar árinna. Þetta er gömul íslensk réttarregla, sem fyrir gildistöku vatnalaga var skráð í 56. kap. landleigubálks Jónsbókar frá 1281. Vatnalög banna einnig að gerðar séu einhliða breytingar á farvegi ár af mannavöldum. Þau heimila líka með tilteknum hætti að færa á í fyrri farveg, ef hún hefur brotitzt úr honum.<sup>31</sup>

Þegar landareign liggur að stöðuvatni „[...] og fylgir vatnsbotn þá þeim bakka, er hann verður talinn framhald af, 115 metra út í vatn (netlög).“<sup>32</sup> Í þessu felst, að landeigandi á vatnsbotn 115 metra út í vatn. Hann fer einnig með eignarrétt á verðmætum, sem kunna að finnast á botni stöðuvatns í netlögum og á einnig einkarétt til hvers konar hagnýtingar t.d. veiði í netlögum. Ber að líta á vatnsbotn í netlögum og verðmæti sem þar eru sem hluta viðkomandi jarðar.<sup>33</sup>

Ef vatn er merkivatn milli tveggja jarða og er minna en 230 metrar að breidd þá segir í vatnalögum að miðlína þess ráði merkjum.

Ýmsar fleiri reglur eru í vatnalögum um merki milli jarða, þegar stöðuvatn skilur þær að. Þannig er mælt fyrir um, að jafnan skuli

miða við lágflæði í vatni, þ.e. netlög (115 metrar) miðast við þá línu vatns sem er við lágflæði. Þar sem gras vex upp úr vatni við lágflæði skal telja vatnsbotn, sem þurrt land væri. Af þessu leiðir að miða ber netlög við þann punkt þar sem vatnsborð er á lágflæði, en ef gras vex þar upp úr, ber að miða við þann punkt er grasvexti sleppir. Breytileg hæð vatnsborðs getur verið af ýmsum ástæðum, t.d. kann að vera minna í vatni síðsumars en að vorlagi þegar snjóalög og ís hafa bráðnað. Þá segir einnig, að ef breyting, þ.e. varanleg, verður á vatnsbotni, skuli netlög vera þar, sem áður voru. Þegar eyjar eða hólmar eru í stöðuvatni fylgja þeim einnig netlög. Sá sem á eyjar eða hólma á því einnig netlög sem þeim fylgja. Ef sund milli eyjar eða hólma og lands annars manns er minna en 230 metrar, ræður miðlína sundsins merkjum milli eyjarinnar eða hólmans og landsins.<sup>34</sup>

## 4.5 Merki landareigna við jökla

Líklega teljast flestir jöklar að öllu leyti til þjóðlendna og eru þess vegna í eigu ríkisins samkvæmt þjóðlendulögum.<sup>35</sup> Ef jökull er á hinn bóginn í heild eða að hluta í eigu einstaklinga eða lögaðilja geta merki landareigna þeirra ýmist miðast við jökulrönd eða tiltekna staði á jökli. Þegar landamerki miðast við jökulrönd, hvort sem er átt við jaðar skriðjökla eða jökulsins sjálfs eða þegar miðað er við punkta á jöklinum sjálfum, aðra en þar sem fast land kemur upp úr jökulhettu, getur risið vafi á hvernig með eigi að fara, þegar t.d. jökull hopar eða skríður fram. Jöklar teljast með réttu náttúruleg landamerki og hefur því ekki þurft að gera sérstakar ráðstafanir til að setja niður merki, ef við þá er miðað. Verði breyting á stöðu jökla kann vel að vera, að það leiði af túlkun landamerkjabréfs hvernig ákvarða beri merki viðkomandi jarðar.<sup>36</sup> Ýmis flókin

<sup>30</sup> Vatnalög, nr. 15/1923.

<sup>31</sup> Um þetta má vísa nánar til: Tryggvi Gunnarsson, „Landamerki fasteigna“, bls. 512-514.

<sup>32</sup> Sjá 1. mgr. 4. gr. vatnalaga, nr. 15/1923.

<sup>33</sup> Þorgeir Örylgsson, „Um eignarhald á landi og náttúruauðlindum“, bls. 552.

<sup>34</sup> Í lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994, eru einnig ýmsar sambærilegar efnisreglur og hér hafa verið raktar.

<sup>35</sup> Sbr. 2. gr. laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afréttá, nr. 58/1998.

<sup>36</sup> Tryggvi Gunnarsson, „Landamerki fasteigna“, bls. 510.

álitamál geta komið upp vegna breytinga, sem verða t.d. við að jökull hopar. Slík álitamál hafa komið til kasta Hæstaréttar. Má sem dæmi nefna ágreiningsefni í **Hrd. 1994, bls. 117.**

Í þessu máli reis ágreiningur um rétt ferðafélagsins, Ú, til að láta fjallaskála sem það byggði, standa á landi á Fimmvörðuhálsi, sem verið hafði undir jökli allt fram á 20. öld. Eigandi jarðarinnar H taldi að merki hennar réðust af jökulbrún og hefði land sem kom undan jökli er hann hopaði því talizt til hennar. Hvað sem öðru liði færi sveitarfélagið Austur-Eyjafjallahreppur, en landið var innan staðarmarka þess, með forræði á landinu því sem kom undan jökli og ætti þar upprekstrarétt. Hefði því verið óheimilt að reisa fjallaskálann, án leyfa þessara aðilja og kröfuðust þeir þess m.a. að Ú flytti skálann burt af staðnum. Dómstólar vísuðu málinu frá dómi, án þess að skera efnislega úr ágreiningi aðilja. Ástæða þess var sú, að merki H væru óglögg og staðarmörk sveitarfélagsins líka. Var ekki talið að málinu hefði verið markaður sá farvegur, sem þurfti til að skera úr deilu aðilja.

Sú skoðun hefur verið sett fram og studd gildum rökum, að við slíkar breytingar eigi landamerki jarðar að fylgja jökuljaðri, þ.e. ef jökull hopar eignist landeigandi þann landa- auka, sem til verður, en ef jökull skriður fram tapi hann landi því, sem fer undir jökul.<sup>37</sup> Þessi regla er hliðstæð þeirri, sem gildir þegar landauki verður við fjöru og þegar sjór eða vatn brýtur fjöru og gengur inn á svæði, þar sem áður hefur verið land. Í dómi Hæstaréttar í **Hrd. 1946, bls. 345** var t.d. talið, að landeigandi eignaðist landauka, sem myndaðist í fjöru hans.<sup>38</sup> Telja verður þó að horfið hafi verið frá þessari reglu til frambúðar. Því til stuðnings má benda á, að Óbyggðanefnd hefur í úrskurðum sínum um merki landareigna og þjóðlendu við jökulrönd, ákveðið að leggja skuli til grundvallar stöðu jökuljaðars við gildistöku þjóðlendulaga, sem var hinn 1. júlí

1998.<sup>39</sup> Eru merkin miðuð við hnitastöðu jökuljaðars á þessu tímamarki. Verður því væntanlega framvegis miðað við hnitastöðuna á því tímamarki, hvað sem líður hreyfingum jökuljaðra.

#### 4.6 Merki sjávarjarða til hafsins

Nokkur óvissa er um það, hvernig ákvarða eigi merki sjávarjarða til hafsins. Er einnig uppi fræðilegur ágreiningur um það, hvaða reglum eigi að fylgja, þegar merkin eru ákveðin. Ljóst er, þar sem annað hefur ekki verið ákveðið, að fjaran framundan fylgir landi, sem mörk á að sjó. Er ekki um það deilt. Fjara telst það land, sem er milli stórstraumsflóðmáls og stórstraumsfjörumáls. Er hún því fullkomið eignarland þess, sem á aðlægt land. Hið lögfræðilega álitamál lýtur á hinn bóginn að því, hvort merki landsins til sjávarins séu miðuð við ákveðið dýpi frá stórstraumsfjörumáli eða hvort þau eru við ytri mörk netlaga, sem telja verður 115 m út frá stórstraumsfjörumáli. Telja verður það lengst af hafa verið hefðbundið viðhorf fræðimanna í íslenskri lögfræði, að merki til hafsins miðist við ytri mörk netlaga og eignarheimildir landeiganda nái til svæðisins, sem innan þess fellur. Fáeinir fræðimenn hafa þó verið annarrar skoðunar og bent á, að þótt landeigandi kunni að eiga víðtæk afnota- réttindi í netlögum samkvæmt sérstökum heimildum, eigi hann þar þó ekki beinan eignarrétt.<sup>40</sup> Hin lögfræðilegi ágreiningur á einkum rætur að rekja til þess, að ekki er fullt samræmi milli einstakra laga, fornra og nýrra, um það hvernig eigi að ákvarða ytri mörk netlaga í hinum ýmsu tilvikum.<sup>41</sup> Er það ýmist miðað við tiltekna dýpt, þ.e. 20 möskva djúpt selnet. Ekki er full samstaða um hvað slík dýpt er mikil, en hún er vart meiri en 2,9 m.<sup>42</sup> Aðrar reglur, svo sem veiðitilskipunin frá 1849, lýsa netlögum þannig, að miða eigi við ákveðna fjarlægð frá landi, þ.e. 60 faðma

<sup>37</sup> Tryggvi Gunnarsson, „Landamerki fasteigna“, bls. 510.

<sup>38</sup> Sjá og Þorgeir Örylgsson, „Eignarréttur og íslenskt forráðasvæði“, bls. 537.

<sup>39</sup> Sjá t.d. úrskurð Óbyggðanefndar í máli nr. 1/201: Óræfi í sveitarfélaginu Hornafirði, bls. 239.

<sup>40</sup> Sjá Viðar Már Matthíasson, *Fasteignakaup, helztu réttarreglur*, bls. 40-41 og tilvísanir í neðanmálgrein 32 á fyrrnefndu síðunni.

<sup>41</sup> Sjá fæðilegar greinargerðir um þetta hjá: Þorgeir Örylgsson, „Um eignarhald á landi og náttúruauðlindum“, bls. 553-558 og Tryggvi Gunnarsson, „Landamerki fasteigna“, bls. 515-536.

<sup>42</sup> Þorgeir Örylgsson, *Kaflar úr eignarrétti*, bls. 73.



frá stórstraumsfjörumáli. Í lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum er miðað við 115 metra út frá stórstraumsfjörumáli.<sup>43</sup> Sama regla er í lögum um um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.<sup>44</sup> Verður því að miða við það sem almenna reglu, að jörð sem á land að sjó, eigi einnig hafsbotninn 115 metra frá stórstraumsfjöruborði. Ekki er víst, vegna framangreindrar óvissu um þetta, að eigandi jarðarinnar eigi öll réttindi svo langt út, t.d. er næsta víst að hann á ekki einkarétt til fiskveiði svo langt út, enda var því slegið föstu í þremur dómum Hæstaréttar Íslands árið 1996, að réttur landeiganda til veiði miðaðist við eldri reglu, þ.e. dýpt, en ekki fjarlægð eins og síðast greindar reglur kveða á um.<sup>45</sup>

Að gengnum þessum dómum hefur verið dregin sú ályktun, að ákvörðun netlaga, með hliðsjón af fiskveiðirétti landeiganda, beri að miða við dýptarreglu Jónsbókar, en ekki fjarlægðarreglu veiðitilskipunarinnar frá 1849 og síðari laga. Um ýmis önnur mikilvæg

réttindi landeiganda innan netlaga gildir á hinn bóginn almennt reglan um 115 metra frá stórstraumsfjörumáli.<sup>46</sup> Er því ekki samræmi í gildandi reglum um hagnýtingu á réttindum landeiganda innan netlaga.

#### 4.7 Merki eignarlanda og þjóðlendna

Einnig hefur verið óvissa um það hver séu mörk eignarlanda og þjóðlendna. Nú er unnið kerfisbundið að því að skera úr því álitafni. Eftir gildistöku þjóðlendulaga snýst það álitafni nú um mörk eignarlanda og þjóðlendna, sem eru lýstar eign ríkisins með lögnum. Þá getur ágreiningurinn einnig snúist um það hvaða óbeinu eignarréttindi einstaklingar og lögaðiljar eigi á svæðum, sem teljast þjóðlendur. Þjóðlendulög mæla fyrir um skipan sérstakrar stjórnsýslunefndar, Óbyggðanefndar, sem skera skal úr um mörk eignarlanda og þjóðlendna og hvaða óbeinu eignarréttindi einstaklingar og lögaðiljar eiga á einstökum þjóðlendum. Óbyggðanefnd



Merki fasteigna til hafs eru miðuð við ytri mörk netlaga og ná eignarheimildir landeiganda til svæðisins þar fyrir innan. (Ljósmynd Guðmundur J. Guðmundsson).

<sup>43</sup> Lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994, 1. gr.

<sup>44</sup> Lög um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998, 2. gr.

<sup>45</sup> Sjá dóma Hæstaréttar, sem birtir eru í *Hæstaréttardómar* 1996, bls. 2518, bls. 2525 og bls. 2532.

<sup>46</sup> Sbr. Skúli Magnússon, „Íslensk fiskveiðistjórn og réttur eigenda sjávarjarða“, bls. 694. Á bls. 692-694 í greininni rekur höfundur ýmis sjónarmið og reglur um afmörkun netlaga og vitnar til ýmissa fræðimanna, sem um það hafa ritað.

ákveður hvaða svæði á að taka fyrir til úrskurðar og veitir fjármálaráðherra frest til þess að gera kröfur af hálfu ríkisins um, hvar mörkin eiga að liggja. Eftir að ríkið hefur sett fram kröfur sínar, er landeigendum gefinn frestur til þess að gera kröfur af sinni hálfu og svo sker Óbyggðanefnd úr. Úrskurðum Óbyggðanefndar má skjóta til dómstóla. Áformað var að ljúka málsmeðferð þessari, þ.e. störfum Óbyggðanefndar á árinu 2007, en ekki er víst að það takizt. Eins og fram hefur komið í grein þessari hefur nefndin skorið úr ágreiningi á nokkrum afmörkuðum svæðum. Þegar Óbyggðanefnd hefur lokið starfi sínu, eiga merki þjóðlendna og eignarlanda, þ.e. jarða að vera glögg og ótvíráð og skráð í hnitakerfi. Jafnframt á að vera ljóst hvaða rétt landeigendur hafa til hagnýtingar á þjóðlendum.

#### 4.8 Hvað nær réttur fasteignareiganda langt niður í jörðina og hvað nær hann langt upp í loftrýmið fyrir ofan land?

Eignarréttur að landi er viðtækari en svo, að hann einskorðist við yfirborð þess. Lengst af hefur verið út frá því gengið í íslenskri lögfræði, að eignarréttur landeiganda nái til umráða og nota jafnt undir yfirborði jarðar, sem yfir því.<sup>47</sup> Í auðlindalögum, sem svo eru nefnd, segir að eignarlandi fylgi eignarréttur að auðlindum í jörðu, en í þjóðlendu séu auðlindir í jörðu eign íslenskra ríkisins, nema aðrir geti sannað eignarrétt sinn til þeirra.<sup>48</sup> Auðlindir í lögum þessum eru hvers konar frumefni, efnasambönd og orka sem vinna má úr jörðu, hvort heldur í föstu, fljótandi eða loftkenndu formi án tillits til hitastigs sem þau kunna að finnast við. Þótt landeigandi fari þannig með eignarrétt að auðlindum, getur hann þurft að sæta því að rannsóknir á auðlindum og hagnýting þeirra sé í mörgum tilvikum háðar leyfi yfirvalda. Erú reglur um það í auðlindalögum. Á þessu leikur sem sagt

ekki vafi, en eftir er þó að svara því, hvað langt niður eignarréttur að auðlindum nái. Ekki hefur í því efni verið miðað við ákveðna dýpt, heldur lagt til grundvallar, að miða verði við þær kröfur, sem eðlilegt sé að viðurkenna af tilliti til hagsmuna landeiganda.<sup>49</sup> Ljóst má vera að ábatasamt getur verið að vinna jarðhita og e.t.v. aðrar auðlindir, sem legið geta djúpt í jörðu. Ekki sýnast vera takmarkanir á því hve djúpt landeigandi má fara, ef telja má hann hafa hagsmuni af slíkri vinnslu og það skerðir ekki hagsmuni annarra um of.

Um loftrýmið fyrir ofan landið er heldur ekki að finna reglur, sem mæla fyrir um það hve hátt upp hagnýtingarétturinn nær. Ber því að líta svo á, að landeigandi eigi loftrýmið fyrir ofan land sitt að því marki, sem hann hefur eðlilega hagsmuni af því að hagnýta sér það. Almennt má því landeigandi byggja hús á landi sínu, einnig háhýsi en almennar takmarkanir á heimildum í þá veru geta þó verið margs konar t.d. af skipulagsástæðum, vegna hagsmuna nággranna, flugöryggis o.fl.

Af framangreindu leiðir, að aðrir en landeigandi, t.d. ríkið eða sveitarfélög, hafa almennt ekki rétt til þess að hagnýta sér auðlindir í jörðu á landi hans, né heldur skerða rétt hans til loftrýmisins fyrir ofan það, svo langt niður og upp, sem hann hefur réttmæta hagsmuni af því að hagnýta það sjálfur.

## 5. Flokkun fasteigna

Flokkun fasteigna á Íslandi er ekki einhlít, heldur margs konar og ræðst flokkunin af efni og tilgangi þeirra laga, sem um ræðir hverju sinni. Gilda þá mismunandi reglur um hina ýmsu flokka fasteigna. Hér að neðan verður í örfáum orðum gerð grein fyrir flokkun fasteigna í ýmsum lögum, en sú upptalning er ekki tæmandi og í flestum tilvikum aðeins í grófum dráttum.

Í lögum um landamerki eru fasteignir flokkaðar í jarðir (þ.m.t. heimalönd) annars

<sup>47</sup> Þorgeir Örylgsson, „Um eignarhald á landi og náttúruauðlindum“, bls. 559.

<sup>48</sup> Lög um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998, 3. gr.

<sup>49</sup> Þorgeir Örylgsson, „Um eignarhald á landi og náttúruauðlindum“, bls. 559.

vegar og afrétti og óbyggðar lendur hins vegar.<sup>50</sup>

Í lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, er landi skipt annars vegar í landareignir, sem eru jarðir og annað landsvæði sem háð er beinum eignarrétti einstaklings eða lögaðilja, þar með talið sveitarfélags eða ríkis og hins vegar í annað land.<sup>51</sup>

Í lögum um náttúruvernd er landi skipt með öðrum hætti.<sup>52</sup> Þar er fasteignum (landi) skipt í níu flokka, sem ekki er ástæða til að telja hér upp, enda skarast þeir innbyrðis og flokkunin hefur takmarkað gildi utan þessara tilgreindu laga.

Í ábúðarlögum er einnig að finna sérstaka flokkun fasteigna, þ.e. þau lög taka einöngu til ábúðar á jörðum og jarðarhlutum. Í jarðalögum er einnig að finna tiltekna flokkun fasteigna, sem fyrst og fremst miðar við jarðir, jarðarhluta o.fl. utan þéttbýlis annars vegar og svo fasteignir í þéttbýli hins vegar.<sup>53</sup>

Í þjóðlendulögum eru fasteignir flokkaðar í tvennt, þ.e. annars vegar eignarland, en það er landsvæði sem er háð einkaeignarrétti þannig að eigandi lands fer með öll venjuleg eignarráð þess innan þeirra marka, sem lög segja til um á hverjum tíma, og hins vegar þjóðlendir, sem eru landsvæði utan eignarlanda, þó að einstaklingar eða lögaðiljar kunni að eiga þar takmörkuð eignarréttindi. Þjóðlendir eru í eigu ríkisins samkvæmt lögum.

Afréttur, sem áður var mikilvægt hugtak í allri umfjöllun um eignarrétt á landi, er ekki skilgreint öðru vísi en svo, að það sé landsvæði utan byggðar, sem að staðaldri hefur verið notað til sumarþeirra fyrir búfé. Afréttur getur samkvæmt þessu bæði verið á eignarlandi og þjóðlendu eins og fyrir segir.<sup>54</sup>

Í lögum um rannsóknir og nýtingu

á auðlindum í jörðu er stuðzt við sömu flokkun fasteigna og í þjóðlendulögum og sveitarstjórnarlög gera ráð fyrir sömu skiptingu fasteigna.<sup>55</sup>

Loks má svo nefna að fjöleignarhús eru mikilvægur flokkur fasteigna. Það er hús sem skiptist í séreignir í eigu fleiri en eins aðilja og í sameign, sem bæði getur verið í eigu allra og sumra.<sup>56</sup>

## 6. Skráning fasteigna

### 6.1 Hvaða fasteignir eru skráðar? Landfræðileg mörk

Ísland er eyja og því eru mörk landsins óumdeild. Landinu fylgja minni eyjar, sem ýmist eru í einkaeign eða í eigu ríkisins. Fæstar þeirra eru byggðar. Flatarmál landsins er 103 km<sup>2</sup>, þar af er meira en 10% þakið jöklum. Um 75% landsins er í meira en 200 metra hæð og er stór hluti landsins gróðurlítil háslétta með stökum fjöllum og fjallgördum. Íslenzka ríkið hefur í samræmi við heimildir þjóðaréttar áskilið sér tiltekin réttindi til hafsvæðisins og landgrunnins umhverfis landið.<sup>57</sup> Með lögum hefur ríkið ákveðið 12 sjómílna landhelgi frá tiltekinni grunnlínu.<sup>58</sup> Innan landhelginnar fer íslenzka ríkið með fullveldisrétt, en í honum felst að ríkið fer með fullan og óskoraðan ríkisyfirráðarétt, sem er sambærilegur þeim, sem það fer með yfir landi. Réttur þessi nær ekki aðeins til hafsvæðisins, heldur einnig til hafsbotsins og loftrýmisins yfir landhelginni.<sup>59</sup> Íslenzka ríkið fer einnig með tiltekin réttindi á svæði, sem nefnt er efnahagslögsaga landsins, en það er svæði sem nær 200 sjómílnur til hafs frá sömu grunnlínum og landhelgin afmarkast af. Sá réttur sem íslenzka ríkið fer með innan efnahagslögsögunnar er

<sup>50</sup> Lög um landamerki, nr. 41/1919.

<sup>51</sup> Lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994.

<sup>52</sup> Lög um náttúruvernd, nr. 44/1999.

<sup>53</sup> Ábúarlög, nr. 80/2004 og jarðalög nr. 81/2004.

<sup>54</sup> Um afrétti, eignarhald á þeim o.fl. er t.d. fjallað í ritgerð Gunnars F. Guðmundssonar, „Afréttareign í sögu og samtíð“, *Ársskýrsla FMR* 2001, bls. 33–47.

<sup>55</sup> Lög um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998. Sveitarstjórnarlög eru nr. 45/1998.

<sup>56</sup> Sjá lög um fjöleignarhús, nr. 26/1994.

<sup>57</sup> Sjá nánar um þetta efni: Þorgeir Örylsson, „Eignarréttur og íslenzk forráðasvæði“, bls. 530 og áfram.

<sup>58</sup> Lög um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn, nr. 41/1979, 1. gr.

<sup>59</sup> Gunnar G. Schram, *Stjórnskipunarréttur*, bls. 72.



takmarkaðri en fullveldisréttur sá, sem það fer með innan landhelginnar.<sup>60</sup> Loks er nauðsynlegt að geta þess, að íslenska ríkið hefur með lögum og í samræmi við þjóðréttarreglur áskilið sér tiltekinn rétt til landgrunnins. Landgrunn Íslands nær til hafsbotnsins og neðansjávarsvæða utan landhelgi, sem eru framlenging landsvæðisins, allt að ytri mörkum landgrunnssvæðisins, þó að 200 sjómílna fjarlægð frá grunnlínunum landhelginnar þar sem ytri mörk landgrunnssvæðisins ná ekki þeirri fjarlægð.<sup>61</sup> Afmörkun efnahagslögsögu og landgrunn annarra landa kann þó að takmarka rétt Íslands. Íslenska ríkið fer með fullveldisrétt yfir landgrunninu, sem þó er takmarkaður við rannsóknir og hagnýtingu á tilteknum auðlindum.<sup>62</sup> Auk þess hefur íslenska ríkið sett sérstök lög sem kveða á um eignarrétt þess á auðlindum á hafsbotni.<sup>63</sup> Hin víðfemu hafsvæði umhverfis Ísland, sem eru undir fullveldisrétti íslenska ríkisins, eru ekki skráð. Skráning fasteigna er því takmörkuð við landsvæði, þ.e. fastalandið og eyjar við það, svo og eins langt út og eignar- eða afnotaréttur landeiganda nær til hafsins.

Skráning fasteigna á Íslandi hefur til skamms tíma ekki tekið til alls landsins, en miðað er við að slíkt verði þó gert, t.d. verði þjóðlendur skráðar.

## 6.2 Tilgangur skráningar

Skráning fasteigna af hálfu hins opinbera hefur vafalaust í upphafi einkum haft skattalegan tilgang, þ.e. fasteignir hafa löngum verið skattandlag af hálfu ríkisins og sveitarfélaga og til þess að tryggja grundvöll álagningarinnar hefur verið nauðsynlegt að skrá fasteignir vandlega og setja reglur um mat á verðmæti þeirra. Í dag hefur skráning fasteigna víðtækara markmið. Einkum er þetta augljóst eftir að stofnað var til Landskrár

fasteigna, en í hana á að skrá allar fasteignir í landinu og á hún að vera grundvöllur skráningar fasteigna, þinglýsingabókar fasteigna, mats fasteigna og húsaskrár Hagstofu Íslands og þjóðskrár og þannig úr garði gerð að hún nýtist sem stoðgagn í landupplýsingakerfi. Fasteignamat ríkisins (FMR) annast skráningu fasteigna og sér um rekstur Landskrár fasteigna. Um skráningu fasteigna og Landskrá fasteigna gilda sérstök lög.<sup>64</sup>

## 6.3 Hvaða fasteignir eru skráðar? Er skráningin víðtækari en svo að hún taki aðeins til fasteigna?

Í lögum um skráningu og mat fasteigna er stuðzt við hefðbundna skilgreiningu á fasteignarhugtakinu. Vísast um það til fyrri umfjöllunar. Þarfir fasteignaskráningar gera á hinn bóginn kröfur um nákvæmari skráningu. Í lögnum segir að fasteignir, hluta þeirra og einstök mannvirki skuli skrá sem sérstakar eindir í Landskrá fasteigna, eins og nánar greinir í lögnum.<sup>65</sup> Þannig ber að skrá land, þ.e. hvern þann skika lands sem vegna sérgreinds eignar- eða afnotaréttar, hagnýtingar, auðkenna eða landamerkja getur talizt sjálfstæð eind, þá ber að skrá mannvirki, sem gert hefur verið á landi, eða verið við það tengt, séreignarhluta í fjöleignarhúsum samkvæmt lögum um þau, hluta mannvirkja ef um sérstaka notkun þeirra er að ræða, ræktun á landi, hlunnindi og önnur réttindi tengd fasteignum.

Af þessari upptalningu má sjá, að reglur um skráningu fasteigna mæla ekki aðeins fyrir um skráningu fasteigna sem slíkra, heldur líka skráningu einda innan fasteigna, sem t.d. geta haft áhrif á mat á verðmæti fasteignar eins og þegar land er ræktað. Með reglunum um skráningu er þannig leitast við að tryggja grundvöll á mati á verðmæti fasteignarinnar, auk þess sem fleiri sjónarmið skipta máli.

<sup>60</sup> Gunnar G. Schram, *Sjórnskipunarréttur*, bls. 73.

<sup>61</sup> Lög um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn, nr. 41/1979, 5. gr.

<sup>62</sup> Gunnar G. Schram, *Sjórnskipunarréttur*, bls. 79.

<sup>63</sup> Lög um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, nr. 73/1990.

<sup>64</sup> Sjá lög um skráningu og mat fasteigna, nr. 6/2001.

<sup>65</sup> Lög um skráningu og mat fasteigna, nr. 6/2001, 2. mgr. 3. gr.

## 7. Fasteignaréttindi


### 7.1 Inngangur

Fasteignum tengjast ýmis réttindi, sem flest flokkast sem eignaréttindi, en þeim geta þó einnig tengzt kröfuréttindi, sbr. það sem segir að framan þegar fjallað er um lög um fasteignakaup. Er þar rakið, að til fylgijár fasteignar teldust einnig ógjaldfallin leiga og aðrar ógjaldfallnar kröfur sem tengdust fasteign, svo og inneign vegna hennar í húsjóði eða framkvæmdasjóði.<sup>66</sup> Þegar fjallað er um réttindi sem tengjast fasteignum, er oft talað um fasteignaréttindi. Orðið fasteignaréttindi er safnheiti um ýmis réttindi, sem tengjast fasteignum og eins og áður segir geta þau verið margs konar. Rétt er að undirstrika, að þótt ýmis fasteignaréttindi séu tengd fasteign og sum þeirra talin til fylgijár hennar og þar með hluti hennar t.d. við kaup og sölu eins og framangreind réttindi, þá er fasteignarhugtakið oftast notað í hlutrænni merkingu eingöngu. Þar sem fasteignarhugtakið er ekki einhlítt, verður þó að miða við að það sé stundum notað í rýmri merkingu en svo. Er t.d. miðað við það í lögum um skráningu og mat fasteigna, að sérstaklega þurfi að skrá hlunnindi og önnur réttindi tengd fasteignum. Auk þess er í lögum um fasteignakaup miðað við að tiltekin réttindi teljist fylgifé og þannig hluti fasteignar. Ekki er ástæða til að fjalla nánar um þetta hér, en nauðsynlegt er að gera í stuttu máli grein fyrir helztu fasteignaréttindum. Fyrst þarf að geta þess, að fasteignaréttindi eru yfirleitt til komin með samningi, þ.e. þau tengjast tiltekinni fasteign samkvæmt ákvæðum samnings. Stundum er þetta þó gert með einhliða gerningum svo sem gjafagerningum eða erfðagerningum. Ekki er útlokað að þetta gerist með ákvörðun yfirvalda. Yfirleitt eru tengsl þessara réttinda við fasteign

þannig, að þau má skilja frá henni með öðrum samningi eða annars konar löggerningi.

Fasteignaréttindi eru margs konar, en má skipta í tvo flokka, þ.e. annars vegar beinn eignarréttur að fasteign, en sá sem fer með þann rétt er talinn eigandi fasteignar samkvæmt almennri málvenju. Hins vegar eru margs konar réttindi, sem aðrir geta átt í fasteign, en þessi réttindi eru yfirleitt nefnd einu nafni óbein eignarréttindi og fela oftast í sér einhvers konar takmarkanir á hinum beina eignarrétti. Hinn beini eignarréttur getur verið á hendi fleiri en eins aðilja og hið sama á við um hin óbeinu eignarréttindi. Hér verður aðeins talinn upp hluti hinna óbeinu eignarréttinda til þess eins að gefa hugmynd um fjölbreytileika þeirra. Vísast einnig til yfirlitsmyndarinnar að neðan.

### Yfirlit um helztu fasteignaréttindi



### Afnotaréttindi

Þessi óbeinu eignarréttindi heimila réttahafanum víðtæk not og umráð hluta, sem þó er háður beinum eignarrétti annars aðilja.<sup>67</sup>

<sup>66</sup> Sjá d og e lið 23. gr. laga um fasteignakaup, nr. 40/2002.

<sup>67</sup> Gaukur Jörundsson, *Eignarréttur I*, bls. 6.

Algengustu afnotaréttindin eru leiguréttindi en um hin veigamestu þeirra gilda sérstök lög.<sup>68</sup>

## Ítaksréttindi

Þessi réttindi heimila réttihafanum tiltekin þröng umráð og takmörkuð not fasteignar, sem er í eigu og umráðum (vörzlum) annars eða annarra aðilja.<sup>69</sup> Ítaksréttindi eru um margt skyld afnotaréttindum, en umráð eða réttur til hagnýtingar er þó venjulega mun takmarkaðri. Ítaksréttindi geta t.d. falizt í rétti eiganda jarðar til þess að nýta reka sem kemur á fjörur annarrar jarðar, beitarrétti á annarri jörð eða slægjum þar. Löggjafinn hefur amast við þeirri miklu útbreiðslu ítaka, sem var á Íslandi fram til miðrar síðustu aldar. Sett voru þá lög um lausn ítaka af jörðum, en með þeim var ætlunin að fella niður ítaksréttindi, sem ekki var lýst af eigendum þeirra eftir reglum laganna, eða ekki tókst að sýna fram á að væru til gegn andmælum eiganda jarðarinnar, sem ítakið var í. Þá var eiganda jarðar einnig gefinn kostur á því að leysa ítak af jörð sinni með fégreiðslu.<sup>70</sup>

## Veðréttindi

Veðréttindi eru ein mikilvægustu óbeinu eignarréttindin. Inntak þeirra er, að þau heimila réttihafanum (veðhafanum) að krefja um fjárgreiðslu og veita honum að jafnaði forgangsrétt til þess framar öðrum skuldheimtumönnum veðþolans að taka fullnustu þessarar fjárgreiðslu af peningaverði ákveðinnar eignar, veðsins, ef greiðslan er ekki innt af hendi. Veðréttindi hafa einnig í för með sér ýmsar takmarkanir á rétti eiganda eignarinnar til að ráða yfir henni.<sup>71</sup> Veðréttindi skiptast í sanningsveð, aðfararveð og lögveð.

## Afgjaldsskyldur

Afgjaldsskylda er skylda til fjárgreiðslu, sem varanlega er tengd við fasteign, þannig að þeir sem á hverjum tíma eru afnotahafar eða eigendur fasteignarinnar, eru skyldir til að inna þessa greiðslu af hendi. Þetta er ekki leigugjald, heldur eins konar andstæða við afnotaréttindi. Þessi réttindi hafa nánast enga hagnýta þýðingu lengur.<sup>72</sup>

## Haldsréttur

Haldsréttur er sá réttur nefndur, sem umráðamaður hlutar hefur stundum til að halda hlutum í umráðum sínum, unz tiltekin greiðsla hefur verið innt af hendi.

## Forkaupsréttur og kaupréttur

Forkaupsréttur er réttur aðilja til þess, með vissum skilyrðum að kaupa eign, ef eigandi eignarinnar ákveður að selja hana og í undantekningartilvikum annars konar aðiljaskipti en sala. Með kauprétti er á hinn bóginn átt við rétt aðilja til þess að kaupa eign, óháð því hvort eigandi eignarinnar hefur tekið ákvörðun um sölu eða ekki.<sup>73</sup> Forkaupsréttur eru algeng fasteignarréttindi, en kaupréttur á hinn bóginn fátíður.

## Réttur samkvæmt kyrretningargerð

Við kyrretningu, sem er bráðabirgðargerð, stofnast réttur sem felur það í sér að eigandi eignarinnar, sem kyrretningin beinist að, þarf að sæta takmörkunum að því er varðar ráðstöfunar- og umráðarétt. Kyrretningin á þannig að tryggja skuldheimtumönnum að eignin verði fyrir hendi þegar þeir ganga að skuldunaut sínum. Um kyrretningu gilda sérstök lög.<sup>74</sup>

<sup>68</sup> Sbr. t.d. húsaleigulög, nr. 36/1994 og ábúðarlög, nr. 64/1976.

<sup>69</sup> Gaukur Jörundsson, *Eignarréttur* I, bls. 6.

<sup>70</sup> Lög um lausn ítaka af jörðum, nr. 113/1952.

<sup>71</sup> Gaukur Jörundsson, *Eignarréttur* I, bls. 6-7.

<sup>72</sup> Þorgeir Örlygsson, *Kaflar úr eignarétti* I, bls. 28.

<sup>73</sup> Gaukur Jörundsson, *Eignarréttur*, bls. 7.

<sup>74</sup> Lög um kyrretningu, lögban o.fl., nr. 31/1990.

## 8. Lokaorð

Í greininni er fjallað um fasteignarhugtakið samkvæmt íslenskum rétti. Fasteignarhugtakið er afstætt. Til eru tvenns konar skilgreiningar á því, önnur almenn, þ.e. hefðbundin skilgreining og hinar sértækari sem almennt helgast af því, að þær eru settar fram eða notaðar í lögum um tiltekin efni og fyrst og fremst ætlað að þjóna markmiði viðkomandi laga.

Í greininni er hinni almennu skilgreiningu lýst og tekin dæmi um sértækari skilgreiningar. Sérstök áherzla er lögð á, að lýsa inntaki þeirra skilyrða, að tengsl mannvirkis við land þurfi að vera traust og til frambúðar og réttindi eiganda mannvirkis til lands þurfi að vera varanleg til þess að mannvirkid teljist fasteign. Að því búnu er leitast við að útfæra hvað telst til fasteignar, einkum hvernig skorið sé úr um, hvað telja beri fylgifé fasteignar og hvað sé lausafé sem ekki telst fylgifé. Er bæði gerð grein fyrir almennum reglum um hvernig

ákvarða beri fylgifé fasteignar, auk þess sem lýst er sérstökum reglum sem fyrst og fremst er að finna í lögum um fasteignakaup.

Þá er fjallað um merki fasteigna, þ.e. hvernig eignarmörk þeirra eru miðað við aðrar fasteignir og sjó. Bent er á, að í þéttbýli leiki sjaldnast vafi um merki fasteigna. Sú sé heldur ekki raunin í flestum tilvikum um eignir utan þéttbýlis þar sem merkjalýsingar séu víðast glöggar. Á nokkrum sviðum sé þó uppi vafi um, hvernig ákvarða skuli merki, einkum sjávarjarða til hafsins og hvernig ákvarða beri merki landareigna, sem miðast við jökulrönd. Er vakin athygli á því, að í nýlegum úrskurði Óbyggðanefndar hafi verið skorið úr um síðarnefnda álitaefnið. Þá er gerð grein fyrir því hve langt niður í jörðina eignarréttur landeiganda nær og hve hátt upp í loftrýmið fyrir ofan landið. Fjallað er í stuttu máli um hina ýmsu flokka fasteigna, gerð grein fyrir skráningu þeirra og fjallað um helztu réttindi sem tengjast fasteignum.

**Viðar Már Matthíasson**

*f. 1954. Prófessor í lögum við Háskóla Íslands.*

## Heimildir:

- Alþingistíðindi 2001-02, A-deild* (Reykjavík, 2002).
- Gaukur Jörundsson, *Eignaréttur I* (Reykjavík, 1982-1983).
- Gunnar F. Guðmundsson, „Afréttareign í sögu og samtíð“, *Ársskýrsla Fasteignamats ríkisins 2001*, bls. 33-47 (Reykjavík, 2002).
- Gunnar G. Schram, *Stjórnskipunarréttur* (2. útg. Reykjavík, 1999).
- Khilman, Jon, *Köprätten, en introduktion* (Stokkhólmi, 2003).
- Ólafur Lárusson, *Eignaréttur I* (Reykjavík, 1950).
- Páll Sigurðsson, *Kauparéttur* (Reykjavík, 1988).
- Skúli Magnússon, „Íslensk fiskveiðistjórn og réttur eigenda sjávarjarða“, *Lögberg, rit Lagastofnunar Háskóla Íslands*, bls. 683-730 (Reykjavík, 2003).
- Tryggvi Gunnarsson, „Landamerki fasteigna“, *Afmælisrit Gauks Jörundssonar*, bls. 503-543 (Reykjavík, 1994).
- Viðar Már Matthíasson, *Fasteignakaup, helztu réttarreglur* (Reykjavík, 1997).

## Heimildir frh.

Viðar Már Matthíasson, „Gallahugtak laga um fasteignakaup, nr. 40/2002”

*Lögberg, rit Lagastofnunar Háskóla Íslands*, bls. 741-794 (Reykjavík, 2003).

